

DESEMBER
1989

RANGÁRVALLASÝSLA

ÁSTAND OG HORFUR
Í ATVINNUMÁLUM



BYGGÐASTOFNUN

Ritvinnsla Byggðastofnunar
Kápa: Tómas Jónsson
Fjölritun: Stensill hf.
Kort eru birt með leyfi Landmælinga Íslands

RANGÁRVALLASÝSLA

Ástand og horfur í atvinnumálum

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	síða
RANGÁRVALLASÝSLA	i
EFNISYFIRLIT	3
FORMÁLI	v
INNGANGUR	1
ÍBÚAR Í RANGÁRVALLASÝSLU	3
ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG MANNFJÖLDI	3
MANNAFLI	5
Stöðugildi í Rangárvallasýslu	6
Stöðugildi í sveitum	9
Fullorðnir utan atvinnulífs	10
Brotfluttir	12
Atvinnugreinar	14
LANDBÚNAÐUR Í RANGÁRVALLASÝSLU	17
SPURNINGALISTI	17
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ BÝLI	20
Samantekt	27
STAÐA LANDBÚNAÐAR OG FRAMTÍÐARHORFUR	27
1 Sauðfjár- og mjólkurframleiðsla	27
2 Kartöflurækt	28
3 Loðdýrarækt	29
4 Hrossarækt	29
5 Svínarækt	30
6 Fuglarækt	31
7 Aðrar búgreinar	31
ATVINNUREKSTUR Í RANGÁRVALLASÝSLU	33
ÞRÓUN OG HUGSANLEGAR ÁSTÆÐUR NÚVERANDI	
ÁSTANDS	33
ÁSTAND OG MÖGULEIKAR ATVINNUGREINA	36
1 Bílstjórar og flutningar í eigu einstaklinga í þéttbýli	36
2 Þjónustufyrirtæki í eigu einstaklinga eða fyrirtækja	37
3 Þjónustufyrirtæki á vegum sveitarfélaga	38
4 Þjónustufyrirtæki á vegum ríkisins	38
5 Verslanir	39
6 Fiskverkun	41
7 Byggingariðnaður	42

Efnisyfirlit

8	Rafvirkjun.....	43
9	Málmiðnaður	43
10	Bifreiða- og hjólbarðaverkstæði	44
11	Fiskeldi.....	44
12	Garðyrkja og ánamaðkarækt	45
13	Skógrækt og landgræðsla, ríkisrekstur	45
14	Verktakar, vegagerð og jarðvinna.....	46
15	Prjónaiðnaður.....	47
16	Ýmis iðnaður og framleiðsla	47
17	Úrvinnsla landbúnaðarafurða, sláturhús	48
18	Félagasamtök með starfsfólk á launum.....	49
	NIÐURSTÖÐUR.....	51
	SPURNINGALISTI FYRIR BÆNDUR Í RANGÁRVALLASÝSLU.....	55

Listi yfir myndir

Mynd 1	Rangárvallasýsla - yfirlitsmynd.....	2
Mynd 2	Mannfjöldi í Rangárvallasýslu 1941-1988	4
Mynd 3	Aldursskipting á Íslandi og í Rangárvallasýslu 1.1.1989	5
Mynd 4	Stöðugildi og mannaflí í Rangárvallasýslu	7
Mynd 5	Hlutfall starfa utan sýslunnar 1.4.1989.....	8
Mynd 6	Stöðugildi í sveitum Rangárvallasýslu.....	9
Mynd 7	Flutningajöfnuður Rangárvallasýslu innanlands.....	12
Mynd 8	Brotfluttir úr sýslunni en skráðir þar 1.12. 1988	13
Mynd 9	Stærðarflokkun býla í Rangárvallasýslu.....	22
Mynd 10	Fullvirðisréttur í mjólk og sauðfé eftir hreppum	25
Mynd 11	Mannfjöldi í Hvol- og Rangárvallahreppi 1941-1988	34

Listi yfir töflur

Tafla 1	Mannfjöldi.....	3
Tafla 2	Skipting stöðugilda á sveitarfélög.....	7
Tafla 3	Stöðugildi í sveitum Rangárvallasýslu.....	10
Tafla 4	Fullorðnir utan atvinnulífs	11
Tafla 5	Brotfluttir úr sýslunni en skráðir þar 1.12. 1988	13
Tafla 6	Skipting mannafla á atvinnugreinar.....	14
Tafla 7	Stærð og fjöldi býla með fullvirðisrétt	21
Tafla 8	Stærð og fjöldi býla í hreppum	23
Tafla 9	Fullvirðisréttur í mjólk og sauðfé eftir hreppum	24
Tafla 10	Samsetning býla með 1-500 ærgildi.....	25
Tafla 11	Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur í Rangárvallasýslu án landbúnaðar og bílstjóra í sveitum	36

FORMÁLI

Haustið 1987 fór forsætisráðherra þess á leit við Byggðastofnun að gerð yrði athugun á atvinnulífi í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Þessu verkefni var skipt í þrjá hluta eftir landsvæðum og þess freistað að ráða heimamann af hverju svæði til að vinna meginhluta verksins. Sá hluti sem fjallar um Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands er þegar kominn út.

Gunnar Bragason, viðskiptafræðingur, var ráðinn til annast úttekt á atvinnumálum í Rangárvallasýslu. Gunnar er Rangæingur og stjórnaði um tíma iðnfyrirtæki á Hellu. Hann hófst handa við verkið snemma árs 1989 og er þessi skýrsla að mestu unnin af honum með aðstoð fastra starfsmanna Byggðastofnunar.

Skýrslunni er ætlað að gefa skýra mynd af því ástandi sem nú er í atvinnumálum sýslunnar og sýna fram á hvert stefnir að óbreyttu. Lausnir á vandanum eða beinar tillögur um aðgerðir er ekki að finna í þessu riti, en vonast er til að það geti orðið ríkisstjórn, sveitarstjórnnum og heima-
mönnum að liði þegar taka þarf ákvarðanir í málefnum sýslunnar.

Byggðastofnun í nóvember 1989



Guðmundur Malmquist, forstjóri

INNGANGUR


Skýrsla þessi um ástand og horfur atvinnumála í Rangárvallasýslu var unnin frá mars til júlí 1989. Upplýsinga var aflað með viðtölum við oddvita og forsvarsmenn fyrirtækja, verkalyðshreyfingar og atvinnumála, spurningalistar voru sendir til bænda og fyrirtækja.

Viðtökurnar sem fengust við upplýsingaöflun voru almennt góðar í beinum viðtölum. Léleg skil voru hins vegar á spurningalistum sem sendir voru til bænda og stærstu fyrirtækja en þeir sem svöruðu gerðu það af vandvirkni. Nokkuð bar á að bændur og stjórnendur fyrirtækja teldu könnun eins og þessa tilgangslausa þar sem lítið sem ekkert mark væri tekið á slíkum skýrslum í stjórnkerfinu.

Hafnleysi Rangárvallasýslu gefur sýslunni ásamt V-Skaftafellssýslu mikla sérstöðu. Atvinnulíf sýslunnar er frekar einhæft og meginuppistaða þess er landbúnaður og þjónusta við hann en annar iðnaður hefur átt erfitt uppdráttar. Þéttbýlisstaðir uxu verulega meðan á virkjanaframkvæmdum stóð á vatnasvæði Tungnaár og Þjórsár, en þegar þeirri vinnu lauk hafði sýslan ekki upp á nægilega mörg atvinnutækifæri að bjóða. Ný fyrirtæki hafa nær undantekningarlaust verið í mikilli samkeppnisgrein eins og þjónaiðnaði en miklar vonir voru bundnar við hann á tímabili. Samdráttur í landbúnaði og hrun þjónaiðnaðar síðustu ár hefur því haft mikil áhrif á allt atvinnulíf og viðhorf fólks til búsetu. Talsverður straumur fólks hefur verið úr sýslunni síðustu ár og margir hafa hug á að flytja í burt en geta sig ekki hreyft því fasteignir seljast á mjög lágu verði ef þær seljast.

Þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnulífsins í sýslunni fær hann mesta umfjöllun í þessari skýrslu. Einnig er búseta og staða íbúa athuguð, fjallað er um skilyrði og möguleika atvinnurekstrar og stuttlega gerð grein fyrir þeim fyrirtækjum sem í sýslunni starfa.

Mynd 1 Rangárvallasýsla - yfirlitsmynd



■ Stslumörk Rangárvallasýslu

Kort birt með leyfi Landmælinga Íslands

ÍBÚAR Í RANGÁRVALLASÝSLU

ÞÉTTBÝLISKJARNAR OG MANNFJÖLDI

Byggðakjarnar eru á 4 stöðum í sýslunni. Hinn 1. desember 1988 voru 582 búsettir á Hvolsvelli í Hvolhreppi, 553 á Hellu í Rangárvallahreppi, 59 á Skógum í A-Eyjafjallahreppi og 48 á Rauðalæk í Holtahreppi. Auk þess er mjög þéttbýlt bændasamfélag í Þykkvabæ í Djúpárhreppi. Hér á eftir er tafla um mannfjölda í hverjum hreppi 1. desember 1987 og 1988.

Tafla 1 Mannfjöldi

	1. desember 1987			1. desember 1988		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Rangárvallasýsla	3.383	1.773	1.610	3.307	1.737	1.569
A-Eyjafjallahreppur	207	107	100	200	105	95
V-Eyjafjallahreppur	212	110	102	209	109	100
A-Landeyjahreppur	203	104	99	207	102	105
V-Landeyjahreppur	188	97	91	178	92	86
Fliótshlíðahreppur	238	136	102	236	134	102
Hvolhreppur	706	380	326	683	366	317
Rangárvallahreppur	764	385	379	747	382	364
Landmannahreppur	131	71	60	126	69	57
Holtahreppur	291	159	132	287	157	130
Ásahreppur	177	81	96	174	79	95
Djúpárhreppur	266	143	123	260	142	118

Heimild: Hagtíðindi.


Íbúum sýslunnar fækkaði um 2% milli ára á meðan Íslendingum fjölgaði um 1,8% samkvæmt tölum Hagstofu. Síðustu 4 ár hefur íbúum sýslunnar fækkað um 6,5% og er fækkunin mest í þéttbýlishreppum en merkja

Íbúar

má fækkun í flestum hreppum. Þetta bendir til erfiðleika í atvinnu-
málum en um það verður fjallað nánar hér á eftir.

Fjölmennasti hreppur sýslunnar er Rangárvallahreppur en sá fámennasti
er Landmannahreppur. Karlmenn eru fjölmennari en konur í flestum
hreppum, munurinn er mestur í Fljótshlíð þar sem karlar eru 31% fleiri
en konur. Þetta skýrist að mestu með því að mjög sjaldgæft er að kona
sé einyrki á jörð, en það er algengt með karlmenn. Einnig er systkina-
búskapur nokkuð algengur, og þá yfirleitt þannig að á býlinu eru fleiri
karlar en konur.

Mynd 2 Mannfjöldi í Rangárvallasýslu 1941-1988




Aldursskipting í Rangárvallasýslu er ekki verulega frábrugðin lands-
meðaltali, nema hvað aldurshóparnir 25-34 ára eru hlutfallslega fámenn-
ir (mynd 2). Á þeim aldri er fólk yfirleitt að koma sér fyrir til frambúðar
og þegar fækkar í þessum hópum er það vísbending um að eitthvað sé að
í atvinnumálum byggðarlagsins. Að vísu er hlutfall íbúa yngri en 25 ára

4 Rangárvallasýsla

í góðu meðallagi, en þar er um að ræða mikið af skólafólki sem margt er í námi utan sýslu og mun að líkindum setjast að annars staðar.

Mynd 3 Aldursskipting á Íslandi og í Rangárvallasýslu 1.1.1989



MANNAFLI

Í tengslum við heimsóknir til oddvita var farið í gegnum íbúaskrá hvers hrepps og skráð hvað hver einstakur íbúi, 16 ára og eldri, starfaði, hvar hann starfaði og hvort hann væri í raun búsettur í hreppnum. Mjög vel gekk að fá þessar upplýsingar (töflur 2-6, myndir 4, 5, 6 og 8). Myndirnar verður þó að skoða með þeim fyrirvara að ekki eru tiltækar nákvæmar upplýsingar um fólk sem ekki er skráð heimilisfast í sýslunni en vinnur þar tímabundið, þar sem ekki bárust svör frá öllum fyrirtækjum. Það er þó ekki um mörg störf að ræða því hrepparnir eru flestir

Íbúar

svo fámennir að sveitarstjórnarmenn vita hverjir eru starfandi í hreppnum.


Stöðugildi í Rangárvallasýslu

Með stöðugildi er hér átt við fullt starf fyrir einn mann, án tillits til yfirvinnu. Atvinnustöðugildi í sýslunni er mælikvarði á það hve mörg stöðugildi þyrftu að vera í sýslunni til að allir íbúarnir hefðu þar atvinnu. Virk stöðugildi eru þau störf sem unnin eru í sýslunni af íbúunum.

Í sýslunni eru búsettir 952 karlar sem hér eru skráðir í 945 stöðugildi og 699 konur í 684 stöðugildi. Þar með eru taldir 130 einstaklingar sem vinna fullt starf utan sýslu. Bændur, bæði karlar og konur, og vinnufólk eru talin í 100% stöðugildi og atvinnulausum er raðað í störf eftir atvinnuleysisskráningu. Nemendur eldri en 16 ára búsettir í sveit eru ekki taldir með. Enginn er talinn fylla fleiri en eitt stöðugildi. Mismunurinn á fjölda fólks og fjölda stöðugilda liggur í hlutastörfum.

Atvinnustöðugildi þeirra sem búsettir eru í sýslunni eru samtals 1.516. Þar af eru virk stöðugildi samtals 1.314 eða 87%, stöðugildi atvinnulausra eru 72 eða 5%, og stöðugildi þeirra sem búa í sýslunni en vinna utan sýslu eru 130 eða 8%.

Atvinnuleysistölurnar eru háar á landsvísu eða 4,7% á móti 2,0% á landinu öllu. Á atvinnuleysisskrá eru 29 karlar og 51 kona eða samtals 80 manns sem skráð eru fyrir 72 stöðugildum. Þeir sem skráðir eru atvinnulausir að hluta eru svo til allt konur.

Mynd 4 Stöðugildi og mannaflí í Rangárvallasýslu**Tafla 2 Skipting stöðugilda á sveitarfélög**


Sveitarfélag	Í vinnu innan sýslu		Atvinnu-lausir		Í vinnu utan sýslu		Samtals	
	stöðug.	%	stöðug.	%	stöðug.	%	stöðug.	%
Austur-Eyjafljallahreppur	81	89	1	1	9	9	90	100
Vestur-Eyjafljallahreppur	79	89	0	0	10	11	89	100
Austur-Landeyjar	82	90	2	2	8	8	92	100
Vestur-Landeyjar	70	95	0	0	3	5	74	100
Fljótshlíð	95	95	5	4	1	1	100	100
Hvölhreppur	296	89	16	5	20	6	331	100
Rangárvallahreppur	323	85	30	8	28	7	382	100
Landmannahreppur	44	96	0	0	2	4	46	100
Holtahreppur	94	74	14	11	20	16	128	100
Ásahreppur	61	84	2	3	10	14	73	100
Djúpárhreppur	89	80	3	3	20	17	112	100
Samtals	1314	87	72	5	130	9	1516	100

Fjöldi þeirra sem vinna utan sýslu er talsverður. Vafalaust vildu margir þeirra vinna í sýslunni ef vinna við þeirra hæfi væri fyrir hendi. Þessir aðilar eru margir iðnaðarmenn, bílstjórar og tækjamenn. Sumir hafa fylgt atvinnurekanda sem hafði verk við virkjanirnar, aðrir hafa ekki haft atvinnu heima. Vinna út í frá þýðir oft fjarvistir frá fjölskyldu og ef ekki tekst að fá þessa aðila í vinnu í sýslunni þá getur það þýtt brottflutning fjölskyldunnar.

Íbúar

Flest stöðugildi eru í Rangárvallahreppi, þar eru einnig flestir atvinnulausir og flestir sem vinna utan sýslu. Hæsta hlutfall atvinnulausra miðað við heildarstöðugildi er hins vegar í Holtahreppi og hæsta hlutfall þeirra sem vinna utan sýslu er í Djúpárhreppi. Hvolhreppur hefur frekar lágt hlutfall atvinnuleysis miðað við þau áföll sem hafa orðið þar í atvinnulífinu, en þar er hlutfall brottfluttra mjög hátt (tafla 5, mynd 8).


Mynd 5 Hlutfall starfa utan sýslunnar 1.4.1989



Stöðugildi í sveitum

Flest stöðugildi í landbúnaði eru í A-Landeyjahreppi, en fæst í Hvolhreppi. Eins og sjá má á mynd 10 í kaflanum um bændur er einnig mest framleitt í hefðbundnum búskap í A-Landeyjum og minnst í Hvolhreppi. Flest eru ærgildi á stöðugildi í Landmannahreppi en þar eru hlutfallslega flest býli stór og hafa mikinn fullvirðisrétt.

Mynd 6 Stöðugildi í sveitum Rangárvallasýslu



Tafla 3 Stöðugildi í sveitum Rangárvallasýslu

Sveitarfélag	Bændur stöðugildi		Vinnufólk stöðugildi		Nemendur fjöldi		Samtals stöðugildi	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Alls	70%
Austur-Eyjafjallahreppur	27,8	24,3	5,5	3,0	8	7	75,6	52,9
Vestur-Eyjafjallahreppur	46,8	40,2	1,0	3,0	4	5	100,0	70,0
Austur-Landeyjar	38,5	38,2	4,0	8,0	6	9	103,7	72,6
Vestur-Landeyjar	27,8	22,0	4,2	5,5	12	6	77,4	54,2
Fljótshlíð	40,7	29,3	2,0	2,5	10	5	89,5	62,7
Hvolhreppur	11,0	5,0	1,0	-	1	3	21,0	14,7
Rangárvallahreppur	38,4	26,5	4,0	10,5	4	2	85,4	59,8
Landmannahreppur	25,8	18,5	1,0	-	2	4	51,3	35,9
Holtahreppur	32,2	16,5	1,0	1,0	10	10	70,7	49,5
Ásahreppur	22,8	20,5	-	-	2	11	56,3	39,4
Djúpárhreppur	39,0	35,0	1,0	-	9	3	87,0	60,9
Samtals	350,5	276,0	24,7	33,5	68	65	817,7	572,4

Stöðugildi í landbúnaði eru 818 og er þá allt heimilisfólk talið með frá 16 ára að meðtöldum nemendum, nema ef á býlinu eru ellilífeyrisþegar auk þeirra sem búa, þá eru ellilífeyrisþegarnir ekki taldir með. Við útreikning endanlegra stöðugilda eru full stöðugildi lækkuð um 30% sem er í samræmi við opinbera útreikninga. Þá eru stöðugildin alls 572. Ef heimilisfólk var talið vinna út frá heimilinu að hluta til þá var sú vinna dregin frá.

Lítið er orðið um vinnufólk í sveit. Aðeins 8,5% af heimilisfólki án nemenda var talið vera vinnufólk. Það þýðir að vinnumaður eða vinnukona er að meðaltali á sjötta hverju býli í sýslunni. Fæst búin eru það stór að ein fjölskylda geti ekki annast þau, tekjur bænda hafa dregist saman og ekki er haft fleira heimilisfólk en komist verður af með.

Nemendur eldri en 16 ára, búsettir í dreifbýli, eru 133 (tafla 3).

Fullorðnir utan atvinnulífs

Aðeins 67 konur í sýslunni eru eingöngu heimavinnandi, en það eru 9,6% af fjölda kvenna sem vinna úti eða eru búsettir í sveit. Atvinnuhlutdeild kvenna er því mikil enda eru meðallaun í sýslunni undir meðallaunum í landinu (-13% 1987) og heimilin lifa ekki af launum einnar fyrirvinnu.

Vistrými fyrir aldraða var um 35 rúm snemma árs 1989. Í maí var bætt við húsnæði á Hvolsvelli og er nú rými fyrir 60 manns samtals á Hellu og Hvolsvelli. Alls eru ellilífeyrisþegar í sýslunni 233. Um 10 eru á stofnunum utan sýslu. Í maí 1989 er því vistrými fyrir um 70, en heima eru 163. Þrátt fyrir þennan fjölda ellilífeyrisþega í heimahúsum eru ekki langir biðlistar hjá dvalarheimilunum.

Aldraðir bændur hafa gert talsvert af því undanfarin ár að kaupa hús í kauptúnunum og hætta búskap. Þetta fólk getur ennþá séð um sig sjálft. Í einhverjum sveitarfélögum að minnsta kosti er boðið upp á heimilis-hjálp.

Ekkert dvalarheimili er í sýslunni fyrir vangefna eða öryrkja. Í mörgum tilvikum eru þeir búsettir heima en þar sem það er ekki unnt eru þeir á dvalarheimilum utan sýslu. Þar sem aðeins er um fáa einstaklinga að ræða eru ekki líkur á sérstakri aðstöðu í sýslunni til vistunar en slík aðstaða er á Selfossi.

Nemendur eldri en 16 ára eru alls 235, þar af 118 drengir og 117 stúlkur. Mikill munur er á fjölda drengja og stúlkna í framhaldsnámi í einstökum hreppum, en það jafnast út þegar allir hrepparnir 11 eru teknir saman.

Eini framhaldsskólinn í sýslunni er á Skógum undir Eyjafjöllum. Þar er þó ekki nema einn bekkur á framhaldsskólastigi. Flestir nemendur fara í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Þangað er þeim ekið daglega frá öllum hreppum vestan Markarfljóts. Þeir nemendur sem ekki fara í fjölbrautaskólann dreifast í ýmsa aðra skóla.

Íbúar

Tafla 4 Fullorðnir utan atvinnulífs


Sveitarfélag	Elliífeyrisþegar		Öryrkjar	Húsm.	Nem.>16 ára		
	heima	á stofnun			Karlar	Konur	Samt.
Austur-Eyjafjallahreppur	11	1	-	-	11	10	21
Vestur-Eyjafjallahreppur	14	4	3	-	4	5	9
Austur-Landeyjar	8	3	-	-	6	9	15
Vestur-Landeyjar	16	2	2	-	12	6	18
Fljótshlíð	13	9	2	5	10	5	15
Hvolhreppur	30	9	-	19	33	26	59
Rangárvallahreppur	44	9	6	15	17	22	39
Landmannahreppur	1	2	1	4	2	4	6
Holtahreppur	19	3	1	11	11	15	26
Ásahreppur	10	1	-	7	3	11	14
Djúpárhreppur	20	4	3	6	9	4	13
Samtals	186	47	18	67	118	117	235

Forsvarsmenn Skógaskóla vilja gjarnan taka upp frekari kennslu á framhaldsskólastigi því stjórnendum austustu hreppa Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu vestan Mýrdalssands finnst of langt fyrir þeirra nemendur að sækja skóla á Selfoss. Á Skógum er bæði heimavist og kennsluhúsnæði sem ekki er fullnýtt.

Aðrir möguleikar eru ekki fyrir kennslu á framhaldsskólastigi.

Brotfluttir

Árin 1971-1988 fluttu 3.025 menn til Rangárvallasýslu, en 3.589 fluttu þaðan til annarra staða innanlands. Það jafngildir því að allir íbúar sýslunnar hefðu flutt á tímabilinu. Þetta hlutfall er þó ekki hærra en algengt er um sambærileg svæði að stærð og mannfjölda víða um land. Á þessum flutningum hefur sýslan tapað 564 íbúum, þar af 324 síðustu 3 árin, eða 10% íbúanna. Þetta er ískyggilega há tala. Aðeins í Strandasýslu, V-Húnavatnssýslu og N-Þingeyjarsýslu er um svipað hlutfall að ræða síðustu 3 ár.

Mynd 7 Flutningajöfnuður Rangárvallasýslu innanlands


Allmargir eru skráðir með lögheimili í sýslunni en eru í raun og veru fluttir í burtu, það er bæði búa og vinna annars staðar (mynd 8, tafla 5). Alls eru það 169 fullorðnir og 25 börn. Langflestir eru skráðir í Hvolhreppi eða tæp 29%. Að hluta til er um að ræða fólk sem hefur flutt í burtu síðustu mánuði, en stærstur hluti er fólk sem hefur verið búsett annars staðar lengi.

Tafla 5 Brotfluttir úr sýslunni en skráðir þar 1.12. 1988

Sveitarfélag	Karlar	Konur	Börn	Samtals	Hlutfall af íbúum	Hlutdeild hrepps
Austur-Eyjafjallahreppur	7	3	1	11	5,5%	6%
Vestur-Eyjafjallahreppur	10	4	2	16	7,7%	8%
Austur-Landeyjar	5	0	0	5	2,4%	3%
Vestur-Landeyjar	6	5	2	13	7,2%	7%
Flijtshlíð	6	6	2	14	5,8%	7%
Hvolhreppur	34	15	5	54	7,9%	28%
Rangárvallahreppur	9	12	4	25	3,4%	13%
Landmannahreppur	4	1	0	5	4,0%	3%
Holtahreppur	9	9	2	20	6,9%	10%
Ásahreppur	3	6	7	16	9,2%	8%
Djúpárhreppur	6	9		15	5,8%	8%
Samtals	99	70	25	194	5,9%	100%

169 fullorðnir og 25 börn

Mynd 8 Brottfluttir úr sýslunni en skráðir þar 1.12. 1988



Sveitarstjórnir í viðkomandi hreppum gera lítið sem ekkert í að skrá fólk brottflutt þó að svo sé, því hrepparnir fá tekjur af einstaklingum miðað við hvar þeir hafa lögheimili en ekki hvar þeir hafa atvinnu. Það eru því hagsmunir þess sveitarfélags þar sem einstaklingar búa, að hafa einstaklingana skráða til að fá af þeim tekjur.

Atvinnugreinar

Störf in í sýslunni eru flokkuð í 12 meginflokka, en alls var um 74 starfshætti að ræða. Ekki er skráð meira en eitt stöðugildi á hvern einstakling. Í þessari skráningu eru ekki bændur og vinnufólk í sveit nema unnin séu einhver störf með búskap, ekki atvinnulausir og ekki þeir sem vinna utan sýslu. Opinberu skráningarkerfi er ekki fylgt, en til að gefa hugmynd um hvað felst í flokkuninni er hér greint frá í hvaða flokki nokkur störf eru talin, en upptalningin er ekki tæmandi.

Iðnaðarmenn: Trésmiðir, rafvirkjar, pípulagningarmenn o.fl. sem ekki starfa sjálfstætt eða eru hjá opinberum fyrirtækjum. *Járniðnaður:* Starfs-

menn járn- og skeifnasmiðja og bifreiðaverkstæða. *Verslun*: Afgreiðslufólk í smásölu, heildsölu, söluskálum og bensínafgreiðslu. *Opinber þjónusta*: Fag- og skrifstofufólk og yfirmenn opinberra fyrirtækja, þ.m.t. lögregla, kennarar og heilsugæsla. *Skrifstofa*: Skrifstofufólk fyrirtækja en ekki yfirmenn. *Stjórnendur*: Framkvæmdastjórar, verkstjórar, deildarstjórar og einstaklingar í atvinnurekstri.

Tafla 6 Skipting mannafla á atvinnugreinar

Sveitarfélag	Verkaþólk	Liðsaxarmenn	Flutningar	Járnþn.	Vefjarþn	Veitingar/hótel	Verslun	Þmis ½jónust.	Bankar	Opinber ½jónust.	Skrifst	Stjórnendur	Samtals
Austur-Eyjafjallahreppur	0	2	2	1	-	-	2	3	1	16	-	1	28
Vestur-Eyjafjallahreppur	1	2	1	-	-	-	-	0	-	4	-	-	9
Austur-Landeyjar	4	-	2	-	-	-	-	-	-	4	-	-	10
Vestur-Landeyjar	6	3	2	-	-	-	-	1	-	4	-	-	16
Fliótshlíð	10	6	1	0	-	-	-	1	-	9	1	4	32
Hvollhreppur	49	23	19	10	18	9	28	9	7	48	18	43	281
Rangárvallahreppur	50	19	17	17	9	7	29	10	13	27	24	45	264
Landmannahreppur	1	-	2	-	-	-	-	1	-	2	-	2	8
Holtahreppur	11	1	0	3	3	-	2	1	-	13	3	8	45
Ásahreppur	12	1	4	-	-	-	-	-	-	0	1	4	22
Djúpárhreppur	11	4	3	-	-	1	1	-	1	3	2	4	29
Samtals	155	61	53	31	29	17	62	27	21	129	49	110	743

Flest eru stöðugildi í verkamannavinnu 155 eða 20,9% af heild (tafla 6). Næstflest stöðugildi eru í opinberri þjónustu, 129 eða 17,4%. Síðan koma stjórnendur með 110 stöðugildi eða 14,8%. Aðrir flokkar eru minni en 9%.

Í Hvollhreppi eru flest stöðugildin eða 281, en fæst í Landmannahreppi eða 8. Fyrirtækin eru flest í Rangárvalla- og Hvollhreppi. Annars staðar er fjölbreytnin mjög lítil. Í flestum hreppum eru skólar og nokkur stöðugildi tengd þeim og í hreppunum vestan Ytri-Rangár eru nokkur allstór fyrirtæki starfrækt. Sveitarstjórnir hafa mikinn áhuga á að auka fjölbreytni atvinnulífs í sveitum, en það er auðveldara að tala um það en að framkvæma.

LANDBÚNAÐUR Í RANGÁRVALLASÝSLU

SPURNINGALISTI

Til að kanna stöðu og viðhorf bænda í Rangárvallasýslu voru sendir út 404 spurningalistar á bændabýli og til einstaklinga í þéttbýli sem vitað var um að stunduðu einhvern búskap. Til baka barst 81 útfylltur spurningalisti eða 20%. Eftir því sem næst verður komist eru skilin nokkuð jafnt dreifð miðað við stærð búa, og því verða niðurstöður heimfærðar á alla stéttina eins og unnt er, þó að nákvæmari niðurstöður hefðu væntanlega fengist ef fleiri hefðu séð sér fært að svara. Spurningalistinn hefur að líkindum verið of ítarlegur og of langur, og einnig voru nokkrar spurningar ekki nógu nákvæmlega orðaðar. Búfjártalning landbúnaðarráðuneytis, sem framkvæmd var á sama tíma og listinn var í umferð kann einnig að hafa haft neikvæð áhrif á svörunina.

Ef borinn er saman listi frá Búnaðarfélagi Íslands um skiptingu býla eftir tegund framleiðslu og sú skipting sem fram kemur í svörum við spurningalistanum, þá er það allgóður þverskurður af býlum sem svara könnuninni. Aldursdreifing bænda sem svöruðu er mjög eðlileg. Alls svöruðu 92 bændur, 48 voru yngri en 50 ára og 44 eldri en 50 ára. Bændurnir sem svöruðu eru fleiri en býlin, þar sem félagsbú eru algeng í sýslunni.

Hér á eftir eru dregnar saman helstu niðurstöður:

Af 81 býli sem svöruðu höfðu 34, eða 42%, einhverjar tekjur af öðru en búskapnum. Aðeins 24,5% býla í mjókurframleiðslu eða blandaðri framleiðslu mjólk/sauðfé höfðu tekjur af öðru en búinu, en 69% býla í annarri framleiðslu. Skýringin á þessu er sú að flest sauðfjárbú hafa

minni framleiðslu en vísitölubú (mynd 9). Einnig hafa kartöflubændur árstíðabundna lausa tíma og geta þá sótt vinnu annað.

Frekar lítið er um hlunnindajarðir eða 21% af þeim sem svöruðu. Um er að ræða rekavið, silungsveiði og jarðhita. Rekinn er ekki mikill. Silungsveiði er í nokkrum ám og flestum vötnum. Tekjur af vatnafiski eru litlar og ekki teljandi búbot fyrir viðkomandi jarðir. Laxarækt hefur gengið illa í ám nema í Þjórsá. Nokkrar jarðir eiga land að Þjórsá og hafa allgóðar tekjur af netaveiði. Jarðhiti er nýttur í einhverjum mæli á tveimur stöðum, á Laugalandi í Holtum og á Seljavöllum í A-Eyjafjallahreppi. Á báðum stöðum eru sundlaugar og Laugaland sér Hellu og Hvolsvelli fyrir heitu vatni í hitaveitu.

Jarðir eru almennt vannýttar ef miðað er við landgæði. Flestir, eða 91%, töldu jörðina geta tekið við stærri bústofni. Einnig er húsakostur víða verulega vannýttur. Vilji til að fjölga í bústofni kom fram hjá 51 bónda í hefðbundnum búskap, af þeim höfðu 41 eða 80% húsnæði fyrir fjölgun.

Verulega aukningu framleiðsluréttar þyrfti til að verða við óskum bænda, bæði í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt. Um er að ræða 3,7 milljónir lítra í mjólkurframleiðslu sem er aukning um 26,7%. Í sauðfjárbúskap eru óskir um fjölgun um 12 þúsund ærgildi eða 26,1%. Allmargir vilja fá að framleiða upp í búmarkið en skerðing frá framleiðslu viðmiðunarársins var 12% í byrjun fyrir þá sem nýttu búmarkið að fullu viðmiðunarárið. Viðmiðunarár fullvirðisréttar í sauðfé var 1984 eða 1985, bændur máttu velja hvort árið var notað, og í mjólkurframleiðslu var eingöngu notað árið 1985. Að vísu hafa margir bændur fengið einhverja aukningu við endurúthlutun fullvirðisréttar og við kaup á fullvirðisrétti. Hins vegar var hluti bænda búinn að minnka framleiðslu sína áður en viðmiðunarárin voru ákveðin, en búíð var að hvetja bændur til að minnka framleiðsluna. Þessir bændur telja sig hafa verið hlunnfarna, því þeirra skerðing var reiknuð út eftir framleiðslu viðmiðunarárin en ekki eftir búmarki, lítið tillit var tekið til að dregið hafði úr framleiðslu árin á undan. Erfitt er að meta ástæðu minnkandi framleiðslu sumra bænda þau ár, sumir hafa vafalaust hlýtt kalli um að minnka framleiðslu og aðrir hafa dregið úr framleiðslu vegna minnkandi starfsgetu og aldurs.

Aðalókosturinn við núverandi kerfi í augum margra bænda er að ekkert er hægt að gera til að auðvelda kynslóðaskipti á bújörðum. Til eru mörg dæmi um skerðingu vel yfir 30% frá búmarki og á jörðum með mikla skerðingu er mjög erfitt fyrir nýjan ábúanda að taka við.

Mjög margir bændur sem stunda mjólkurframleiðslu hafa hug á að auka framleiðslu á nautakjöti, það er geldneyti og kálfum. Þar sjá þeir möguleika á að auka tekjur því nautakjötsframleiðsla er óháð framleiðslurétti og vel hefur gengið undanfarið að selja þetta kjöt. Hættan er sú að bráðlega verði of mikið framleitt af nautakjöti ef framleiðslan verður ekki bundin kvóta enda nefndu margir bændur að kvóti væri nauðsynlegur á nautakjöt.

Hestar voru á 69 býlum. Víðast var hestaeignin tólmstundagaman og var mjög lítil breyting á hestaeign fyrirhuguð.

Húsakostur til sveita verður að teljast nokkuð gamall. Meðalaldur húsa var 25,1 ár. Til voru dæmi um nýuppbyggðar jarðir en einnig jarðir með meðalaldur húsa nálægt 50 árum. Á næstu árum er þörf á einhverjum byggingum á $\frac{2}{3}$ jarða, en aðeins 39% bænda telja sig geta byggt þær byggingar sem þörf er á með eigin fé og lánsfé miðað við núverandi tekjur af búskapnum. Þetta segir að hús hafa ekki verið endurnýjuð eins og eðlilegt væri og hlýtur það að skapa vandamál fyrir eða síðar.

Mest þörf er á vélageymslu, síðan var nefnt fjós, fjárhús, íbúðarhús og hlaða. Alls voru nefndar 94 byggingar af 13 tegundum.

Alls ætluðu 26 bændur af 92 eða 28% að hætta búskap á næstu 10 árum. Aðalástæður voru erfiðleikar í búrekstri og búlok vegna aldurs viðkomandi bónda.

Þegar spurt var um afstöðu til kvótakerfisins (fullvirðisréttar) svöruðu 70 af 81. Tuttugu voru ánægðir eða 28,6%, tíu, það er 14,3%, töldu ekkert betra kerfi til og fjórutíu voru óánægðir eða 57,1%.

Bændum var gefinn kostur á að gera stuttar athugasemdir um sína hagi og málefni bænda. Helstu athugasemdir voru:

Landbúnaður

- Hækka þarf framleiðslurétt smærri býla til að hægt sé að lifa af búinu. Lágmarks framleiðsluréttur var nefndur 550-600 ærgildi á bú.
- Ákveðinn bústofn verði leyfður, en gefið tækifæri á að framleiða eftir bestu getu með þeim bústofni, þannig að lögð verði áhersla á framleiðni.
- Stokkað verði upp í milliliðakerfinu og dregið úr þeim kostnaði.
- Tekið verði tillit til framleiðslumöguleika svæða og býla við úthlutun framleiðsluréttar.
- Bændur hafa léleg kjör miðað við vinnutíma og hve bundnir þeir eru yfir búinu.
- Kartöflubændur vilja fá að framleiða í hefðbundnum búskap með kartöflurækt vegna óvissu og ótryggrar afkomu.
- Ekki leyfa bændum sem komast á eftirlaun að halda áfram búskap og láta frístundabændur hætta framleiðslu.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ BÝLI

Ef miðað er við svör bænda við spurningalistanum, þá telja þeir ekki lífvænlegt af búu sem er minna en 500-600 ærgildi. Búnaðarfélag Íslands veitti aðgang að gögnum varðandi fullvirðisrétt (myndir 9 og 10, töflur 7-10). Fullvirðisréttur er eingöngu á mjólkur- og sauðfjárframleiðslu og verða aðrar búgreinar ekki teknar fyrir í þessum kafla.

Samkvæmt upplýsingum Búnaðarfélags Íslands er skipting býla eftir tekjum þannig:

Aðaltekjur

Sauðfjár- og mjólkurframleiðslu	272 býli
Nautgriparækt.....	4 býli
Hrossarækt.....	12 býli
Loðdýrarækt.....	12 býli
Svínarækt	6 býli

Fuglarækt	3 býli
Kartöflurækt	45 býli

Aukatekjur

Sauðfjár- og nautgriparækt.....	81 býli
Svínarækt	12 býli
Fuglarækt	3 býli

Núverandi samsetning býla eftir fullvirðisrétti er þannig:

- Blandað bú..... 182 býli
Mjólkurrettur 12.179 þús. lítrar, eða 69.996 ærgildi eða 72%. Sauðfé 27.232 ærgildi eða 28% af bústofni
- Kúabú 20 býli..... Mjólkurrettur 1.504 þús. lítrar eða 8.646 ærgildi
- Sauðfjárbú..... 151 býli Sauðfé 18.899 ærgildi

Tafla 7 Stærð og fjöldi býla með fullvirðisrétt

Ærgildi	FJÖLDI BÝLA			Samtals	Hlutfall
	Mjólk eing.	Sauðfé eing.	Blandað bú		
> 1200	-	-	2	2	0,6%
1101 - 1200	1	-	-	1	0,3%
901 - 1000	-	-	6	6	1,7%
801 - 900	-	-	8	8	2,3%
701 - 800	-	-	13	13	3,7%
601 - 700	-	-	26	27	7,7%
501 - 600	5	-	34	39	11,1%
401 - 500	6	2	41	49	13,9%
301 - 400	3	12	32	47	13,3%
201 - 300	1	14	9	24	6,8%
101 - 200	1	47	7	55	15,9%
51 - 100	1	32	1	34	9,6%
1 - 50	1	44	-	45	12,8%
Samtals:	20	151	182	353	100,0%


Langstærstur hluti býla sem hafa fullvirðisrétt umfram 300 ærgildi eru með blandað bú (mynd 9), það er bæði mjólkurframleiðslu og sauðfjarrækt. Flest blönduð bú, eða 83%, eru með meira en 400 ærgildi. Aðeins 2 sauðfjárbú af 151 eða 1,3% hafa meira en 400 ærgildi sem er grundvallarbú í sauðfjarrækt. Langflest sauðfjárbúin eru með fullvirðisrétt

undir 200 ærgildum. Um helmingur mjólkurbúa ná 77.710 lítra fullvirðisrétti sem er grundvallarbú.

Flest býli með einhvern fullvirðisrétt eru í Fljótshlíð alls 45, en fæst eru þau í Djúpárhreppi eða 15. Stærð býla er nokkuð jafnt dreifð bæði milli hreppa og eins innan hrepps (tafla 8). Þéttbýlishreppar skera sig úr með fjölda þeirra sem hafa lítinn fullvirðisrétt, en það eru annað hvort bændur með annan búskap eða frístundabændur.

Fullvirðisréttur meðalbýlis er 353,5 ærgildi, sem er töluvert lægra en grundvallarbú bæði í mjólk og sauðfé en flest býlin eða 55 eru með fullvirðisrétt milli 101-200 ærgildi (mynd 9).

Mynd 9 Stærðarflokkun býla í Rangárvallasýslu Fullvirðisréttur 1988-1989



Í Rangárvallasýslu er fullvirðisréttur í mjólk 13,7 milljón lítrar eða 13,2% af heildarframleiðslurétti í landinu og í sauðfé 46.130 ærgildi eða 7,6% af heildarframleiðslurétti. Í ærgildum er framleiðsluréttur sýslunnar 124.722 ærgildi eða 10,2%.

Mestan framleiðslurétt eiga bændur í A-Landeyjahreppi en minnstan rétt eiga bændur í Hvolhreppi. Hins vegar eru flest ærgildi á stöðugildi í sveit í Landmannahreppi og munar þar rúmum 20% á næsta hrepp sem

er Hvolhreppur. Á eftir Hvolhreppi koma flestir hrepparnir í hnapp nema Djúpárhreppur, en þar er þessi samanburður ekki marktækur vegna kartöflubænda. Við ofangreindan samanburð verður að taka fram að allir bændur eru með í tölum um stöðugildi, þannig að ef einhver hreppur hefur hlutfallslega fleiri bændur í búskap utan fullvirðisréttar en aðrir, þá kemur sá hreppur verr út í svona samanburði.

Alls eru 101 býli með fullvirðisrétt undir 100 ærgildum (tafla 8). Þar af eru 22 býli án fullvirðisréttar, en þeir hafa selt eða leigt rétt sinn. Í þéttbýli eru 13 fjáreigendur með nokkrar kindur hver, og því eru 66 sveitabæir með fullvirðisrétt undir 100 ærgildum sem ekki hafa nýtt sér rétt til sölu eða leigu á fullvirðisrétti. Sumir þeirra stunda annan búskap sem aðalgrein svo sem kartöflurækt, nokkrir bændur hafa skorið niður framleiðslu vegna aldurs, en margir þessara 66 hafa fullan vilja til að framleiða meira.

Býli með fullvirðisrétt 1-100 ærgildi eru flest í Rangárvalla- og Hvolhreppi en þar eru líka flestir frístundabændur. Holtahreppur hefur 6 býli af 39 án framleiðsluréttar, en Djúpárhreppur 8 af 23, en þar er kartöflurækt aðalbúgreinin og hafa margir selt eða leigt fullvirðisrétt sinn.

Tafla 8 Stærð og fjöldi býla í hreppum

	Austur-Eyjafjallahreppu	Vestur-Eyjafjallahreppu	Austur-Landeyjai	Vestur-Landeyjai	Fjótshlí	Hvolhreppu	Rangárvallahreppu	Landmannahreppur	Holtahreppur	Asahreppur	Djúpárhreppu	Samtals
> 1200	1	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	2
1101-1200	-	-	-	-	-	-	1	-	-	-	-	1
1001-1100	-	-	1	-	-	-	1	-	-	-	1	3
901 - 1000	1	1	-	-	-	-	1	2	1	-	-	6
801 - 900	-	-	3	-	1	-	2	-	2	-	-	8
701 - 800	-	1	4	1	1	-	-	3	1	2	-	13
601 - 700	2	3	6	3	3	-	1	2	3	4	-	27
501 - 600	2	8	6	5	6	2	2	3	2	2	1	39
401 - 500	5	11	4	6	5	1	8	-	4	3	2	49
301 - 400	8	7	5	4	7	1	4	4	2	3	2	47
201 - 300	4	1	1	2	4	2	3	1	3	1	2	24
101-200	3	5	5	8	9	6	4	3	6	5	1	55
51 - 100	1	3	-	4	6	3	5	2	4	3	3	34
11 - 50	1	1	1	4	3	8	4	2	2	2	2	30
1 - 10	2	-	-	-	-	2	7	-	3	-	1	15
Ekkert ærg.	-	-	1	1	-	2	2	1	6	1	8	22
Samtals	30	41	37	38	45	27	45	24	39	26	23	375
Meðal býli, ærgildi	432	447	516	383	370	278	477	572	444	442	427	442

Fullvirðisrétt umfram 100 ærgildi hafa 274 býli, en samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands eru alls 272 býli sem hafa aðaltekjur af sauðfjár- og/eða mjólkurframleiðslu. Það gefur auga leið að á býli sem rétt skriður yfir 100 ærgilda fullvirðisrétt og tekjur af því eru aðaltekjur heimilisins eru heildartekjur langt frá að vera viðunandi. Með fullvirðisrétt 100-200 ærgildi eru 55 býli. Þessi bú, að tveimur undanskildum, ná ekki tekjum á við vísitölubú í sauðfjárrækt sem er 400 ærgildi. Það er því ljóst að á smærri búum hlýtur afkoman að vera léleg og mikið átak þarf til að bæta afkomuna.

Tafla 9 Fullvirðisréttur í mjólk og sauðfé eftir hreppum


Sveitarfélag	Mjólk ærgildi	Sauðfé ærgildi	Samtals ærgildi	Ærgildi /stöðugildi
Austur-Eyjafjallahreppur	8499	2859	11349	215
Vestur-Eyjafjallahreppur	11000	5805	16805	240
Austur-Landeyjar	12964	5123	18087	249
Vestur-Landeyjar	7306	4274	11579	214
Fljótshlíð	8309	6179	14488	231
Hvolhreppur	1806	1963	3769	256
Rangárvallahreppur	7797	5584	13387	224
Landmannahreppur	6725	4353	11078	309
Holtahreppur	6534	4412	10946	221
Ásahreppur	5217	3922	9139	232
Djúpárhreppur	2495	1657	4152	68
Samtals:	78642	46130	124772	217
	x 174 =			
	13.683.708 lítrar			

Heildarfullvirðisréttur í mjólk í landinu er nú 103.312.273 lítrar
Heildarfullvirðisréttur í sauðfé í landinu er nú 603.895 ærgildi.

Hvert ærgildi í mjólkurframleiðslu jafngildir 174 lítum.
Í hverju ærgildi af sauðfé er miðað við 18,2 kg.

Grundvallarbú í mjólkurframleiðslu er með 77.710 lítra framleiðslurétt.
Grundvallarbú í sauðfjáramleiðslu er með 400 vetrarfóðraðar kindur.

Af 353 býlum sem hafa einhvern fullvirðisrétt eru 205, eða 58%, með minna en 400 ærgildi (tafla 8), sem þýðir að nær útilokað er að lifa af afrakstri meira en helmingi býla í hefðbundinni framleiðslu. Samkvæmt upplýsingum sem bændur veittu, telja þeir yfirleitt lágmarksbústærð vera 500 ærgilda fullvirðisrétt. Með 401-500 ærgildi eru 49 býli eða 14%. Undir 500 ærgildum eru því 254 býli eða 72%. Þessi býli hafa alls 55.450,5 ærgildi eða 44% af heildarfullvirðisrétti.

Mynd 10 Fullvirðisréttur í mjólk og sauðfé eftir hreppum**Tafla 10 Samsetning býla með 1-500 ærgildi**

FULLVIRÐISR. ÆRGILDI:	FULLVIRÐISR. ÆRGILDI:	BÝLI, FJÖLDI	ÆRG. / BÝLI
401 - 500	21601	49	440,8
301 - 400	15993	47	340,3
201 - 300	6162	24	256,7
101 - 200	8112	55	147,5
11 - 100	3507	64	54,8
1 - 10	76	15	5,1
SAMTALS:	55451	254	218,3
	eða 44,4% af heildarrétti	eða 72,0% af fjölda býla	

Til þess að koma bændum sem eru með fullvirðisrétt milli 100 og 500 ærgildi upp í 500 ærgildi þyrfti að auka framleiðslurétt sýslunnar um nærri 30%. Hafa verður í huga að í mörgum tilvikum er ekki unnt að fjölga ærgildum á jörð, til dæmis vegna landskorts, einhverjir bændur hvorki vilja né geta fjölgað í bústofni eða vilja ekki fá meiri fullvirðisrétt á núverandi bústofn ýmissa hluta vegna.

Samantekt

Þau býli sem hafa blandað bú eiga hlutfallslega mestan fullvirðisrétt og ættu þar af leiðandi að hafa bestu afkomumöguleikana. Býli þar sem eingöngu er stunduð sauðfjárrækt eru flest lítil og ættu að hafa verri afkomumöguleika en önnur. Ef fara ætti eftir beiðnum bænda um meiri fullvirðisrétt þyrfti mesta aðstoðin að koma til sauðfjárþænda. Þar er hins vegar mikil offramleiðsla og þörf á töluverðri fækkun á sauðfé. Ekki er hægt að úthluta meiri mjólkurrétti og ástandið í öðrum greinum landbúnaðar er þannig að ekki er vænlegt að beina bændum í aðra framleiðslu. Eina raunhæfa leiðin er að framleiðendum fækki og verður betur um það fjallað í næsta kafla.

STAÐA LANDBÚNAÐAR OG FRAMTÍÐARHORFUR

Það er sama á hvaða grein landbúnaðar er litið, allar eiga þær í vandræðum. Offramleiðsla er í flestum greinum nema helst í hrossarækt og kornrækt. Hér á eftir verður staðan metin út frá þeim gögnum sem fyrir liggja og birtast í köflunum hér að framan og spáð í framtíðarhorfur.

1 Sauðfjár- og mjólkurframleiðsla

Vandamálin blasa við í báðum greinum. Of margir eru við framleiðslu og of mikið er framleitt. Þetta eru einu greinar landbúnaðar sem lúta framleiðslutakmörkunum samkvæmt lögum. Arðsemi er lítil vegna þess að ekki er leyfilegt að nota þá fjárfestingu sem til er að fullu. Erfitt er að auka neyslu hér innanlands og lágt verð fæst fyrir útflutning. Niðurstaðan hlýtur að vera sú að framleiðendum þarf að fækka og arðsemi búa að aukast, sem aftur á að gefa lægri framleiðslukostnað og þar með lægra verð.

Afkomumöguleikum 30-40% bænda hefur verið stefnt í óefni með núverandi framleiðslukerfi. Ef ekkert verður að gert munu þessir bændur hætta smám saman vegna þess að búin gefa ekki nógu mikið af sér og fara þeir þá út úr búskapnum slippir og snauðir. Jörð, húsa- og tækja-

kostur selst ekki þar sem nýr bóndi getur ekki aukið við framleiðsluna, þannig að unnt sé að lifa af búskapnum, frekar en sá bóndi sem fyrir var.

Nauðsynlegt virðist að til komi aðstoð handa þeim sem ekki eiga möguleika á að lifa af framleiðslu búss síns til að hætta búskap. Sennilega þarf að nota kröftugri aðferð en að bjóða bændum að hætta, það er að setja reglur um hverjir sérstaklega yrðu hvattir til að hætta og þeim gert það kleyft. Þessi fækkun þarf að verða með þeim hætti að bændur fái nægilegar bætur til að þeir og þeirra fjölskyldur geti komið sér fyrir annars staðar. Einnig þarf að gæta þess að dreifa aðgerðinni á nokkur ár til að aðlaga atvinnulífið í landinu þeirri breytingu að útvega þessum bændum og þeirra fjölskyldum atvinnu. Ekki er ólíklegt að ríkisaðstoð þurfi til þeirrar atvinnuuppbyggingar.

2 Kartöflurækt

Undanfarin ár hafa ekki verið kartöflubændum í Rangárvallasýslu hagstæð frekar en annars staðar á landinu. Í Þykkvabæ er mesta kartöfluræktarsvæði landsins og byggja rúmlega 40 býli afkomu sína á kartöflum.

Vandamálið í kartöfluræktinni er að framleiðslan getur sveiflast mjög mikið milli ára. Í mörg ár var eitt aðalsölufyrirtæki fyrir kartöflur, Grænmetisverslun ríkisins. Fyrir nokkrum árum var stofnað annað sölu-fyrirtæki, Ágæti. Einnig fóru menn að selja sjálfstætt. Þetta skapaði mikið verðstríð og aukinn kostnað og hafa margir kartöflubændur í Þykkvabæ farið illa út úr því. Nú hefur öldurnar lægt og hugsanlega ná menn að vinna sig út úr þessum vandræðum. Þessi grein á undir högg að sækja vegna lágs heimsmarkaðsverðs á kartöflum og þörf er á að kartöflubændur nái aukinni hagkvæmni í framleiðslunni.

Kartöflubændur vilja margir hafa möguleika á hefðbundnum búskap með kartöflunum, enda vafasamt að hægt sé að hafa afkomu af einni kartöfluuppskeru á ári. Þar er hins vegar ekkert svigrúm og kartöflubændur hafa sjálfir reynt að finna leiðir til að jafna tekjur sínar, til dæmis með stofnun Kartöfluverksmiðjunnar hf. sem er að stofni til í eigu allmargra kartöflubænda í Þykkvabæ. Verksmiðjan getur nýtt smáar og

stórar kartöflur meðal annars til að búa til franskar kartöflur, forsoðnar kartöflur og fleira. Þessi verksmiðja hefur nýtt annars ónýtanlega vöru frá bændum og þar með aukið tekjur þeirra. Kartöfluverksmiðjan er að auka framleiðslu sína en önnur nýting umframframleiðslu er ekki á döfinni. Einnig eru sveiflurnar í framleiðslunni þannig að ekki eru alltaf umframbirgðir.

Kartöflubændur geta í litlum mæli nýtt sér vinnu við sauðfjárslátrun vegna þess að þeir eru að taka upp kartöflur í byrjun sláturtíðar. Aðra atvinnu er vart að hafa. Það sem þeir þurfa er atvinna sem ekki þarf að binda sig yfir allt árið. Enginn hefur dottið niður á góða lausn enn, en það er aldrei að vita hvað verður. Smáíðnaður er lausn sem marga dreymir um en fáir öðlast.

3 Loðdýrarækt

Um síðustu áramót voru 12 loðdýrabú í Rangárvallasýslu. Á síðustu mánuðum hefur þeim farið fækkandi því rekstrarafkoma loðdýrabúa er mjög slæm. Offramleiðsla er á skinnnum í heiminum og eru líkur eru á að þessi grein landbúnaðar eigi sér ekki lífsvon. Ekkert bendir til að úr rætist á næstunni og þá er tilgangslítið að leggja meira fé í greinina til að styrkja taprekstur. Skynsamlegast virðist því að viðurkenna að um mistök var að ræða og erfitt er fyrir ríkið að firra sig ábyrgð á þessum vanda. Loðdýrabændur telja að þeir hafi ekki fengið réttar upplýsingar um markaðsaðstæður og væntanlega þróun markaðarins þegar þeir voru hvattir til að hefja loðdýrabúskap. Verð á skinnnum var þá í hámarki en hefur síðan lækkað nokkuð stöðugt og er nú aðeins brot af því sem það var hæst. Skinnaverðin eru háð heimsmarkaðsverði þannig að loðdýrabændur eru háðir duttlungum heimsins varðandi afkomu sína.

4 Hrossarækt

Samkvæmt tekjuupplýsingum byggja 12 býli í sýslunni afkomu sína á hrossarækt. Hrossarækt hefur gengið ágætlega á mörgum býlum til dæmis er Kirkjubær á Rangárvöllum eitt þekktasta hrossaræktarbú landsins. Sýslan hentar vel til hrossabúskapar og eru hross til á vel flestum býlum. Það tekur langan tíma að byggja upp gott hrossabú og því

fara flestir ekki lengra í hrossarækt en að hafa hross fyrir heimilið og hugsanlega selja einn og einn hest.

Margir eru þeirrar skoðunar að fjöldi hesta í landinu sé allt of mikill. Þá er meðal annars átt við að víða í sveitum landsins séu stór stóð sem lítið er hugsað um og einnig eiga fjölmargir einstaklingar og fjölskyldur hesta sem lítið eða ekkert eru notaðir. Ef miðað er við svör bænda um hesta-eign, þá ætla þeir svo til allir að halda hestaeign óbreyttri og er líkleg skýring sú að tilkostnaður er lítill, beitarland er fyrir hendi og lítil þörf á heygjöf.

Markaður innanlands fyrir reiðhesta hefur verið nokkuð góður og er vaxandi, því að hestamennska sem áhugamál virðist vera í sókn. Einnig hefur verið töluvert selt af hestum til útlanda. Í augum hrossabænda er markaðurinn þó lítill í heild sinni og hrossaræktendur anna vel þeirri eftirspurn sem er. Erlendi markaðurinn er óviss því farið er að rækta íslenska hestinn erlendis og ekki er ólíklegt að það hafi veruleg áhrif á sölu héðan í framtíðinni.

5 Svínarækt

Sex svínabú eru í sýslunni. Þessi búgrein er ekki háð kvóta, en bændur reyna að hafa samráð um verðlagningu. Ekki var um offramleiðslu að ræða fyrr en á síðasta ári. Þá reyndist ekki unnt að selja fyrir jól það svínakjöt sem var á markaðnum. Síðan hefur markaðurinn verið í lægð og hafa bændur neyðst til að lækka útsöluverð á svínakjöti þannig að nú hafa þeir ekki fyrir framleiðslukostnaði. Samkeppnin er geysileg við niðurgreitt kjöt og aðrar kjötafurðir svo sem fuglakjöt. Ljóst er að enginn stenst það til lengdar að selja afurð undir framleiðslukostnaði og ef svínabændum tekst ekki að auka sölu mun verða einhver fækkun í þessari grein. Aukin neysla er ekki talin líkleg og því mun framleiðendum fækka. Þessi staða hefur komið upp áður í svínaræktinni og þá fækkaði framleiðendum þar til jafnvægi komst á.

6 Fuglarækt

Þrjú býli hafa aðaltekjur af fuglarækt. Það sama má segja um þessa búgrein og um svínarækt, að samkeppnin er mikil við niðurgreitt kjöt. Kjarnfóðurskattur hefur aukið kostnaðinn við ræktun fugla verulega. Einnig hefur fuglarækt orðið fyrir áföllum svo sem kjötsýkingu sem hefur haft verulega neikvæð áhrif á sölu fuglakjöts. Verðið á afurðunum er lágt og flest bú í þessari grein eiga í erfiðleikum en neytendur og verslunareigendur hafa gagnrýnt of hátt verð á fuglakjöti og eggjum miðað við verð erlendis. Framleiðendur fuglakjöts hafa að stærstum hluta komið sér saman um kvóta á hvert bú. Ætlunin er að draga úr framboði og ná upp verðinu.

Hver framtíðin verður fyrir fuglaræktina er óráðið. Ljóst er að erfitt er að keppa við ríkisstyrktar búgreinar og samkeppnishömlur eins og fóðurskatt. Hverju sem fram fer verða næstu misseri erfið fyrir þessa búgrein og nauðsynlegt er fyrir bændur að reyna að fá betri nýtingu út úr búum sínum og finna frekari markaði fyrir afurðir sínar til dæmis með meiri vinnslu fuglakjöts og þar með fjölbreyttari sölumöguleikum.

7 Aðrar búgreinar

Kornrækt

Bændur í suður- og austurhluta sýslunnar hafa hafið kornrækt sem auka-búgrein. Mörg ár eru síðan tilraunir með kornrækt í sýslunni hófust og höfðu margir efasemdir um að unnt væri að rækta korn sem atvinnugrein. Þessum efasemdum hefur verið rutt úr vegi og sú reynsla sem komin er lofar góðu um að bændur í láglandari hluta sýslunnar geti haft töluverðar tekjur af kornrækt. Veðurfar virðist til dæmis ekki hafa eins afgerandi áhrif á ræktun kornsins og margir óttuðust

Bændur hafa þegar fjárfest sameiginlega í kornskurðarvélum á vegum ræktunarfélaga og einnig hefur verið stofnað hlutafélagið Akrafóður hf. til þess að þurrka korn. Félagið byggði skemmu við Gunnarshólma í A-Landeyjum. Hluthafar í félaginu eru alls 49, þar af 42 einstaklingar. Rúmlega 40 bændur sáðu korni í vor sem leið, þar af 5 sem ekki höfðu sáð áður.

Kornið nýtist sem fóður hér innanlands og kemur þar í stað áður innfluttrar vöru og einnig eru í gangi tilraunir með að markaðssetja kornið á almennum neytendamarkaði.

Þar sem kornrækt verður við kornið er hún einna vænlegasti kosturinn fyrir bændur til að auka tekjur sínar. Talið er að kornrækt eigi fratið fyrir sér í Rangárvallasýslu fyrir sunnan og austan beina línu sem dregin er frá Þjórsárósi til Þríhyrnings.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er rekin á 5 bæjum í Rangárvallasýslu, þar af bjóða 3 bæir gistingu í samtals 57 rúmum, en auk þess er boðið upp á tjaldsvæði, hestaferðir, sundlaug, veiði og fleira. Vonir standa til að þessi atvinnugrein vaxi á næstu árum, því svæðið hefur margt að bjóða ferðamönnum og fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er hæfileg.

Skógrækt

Ræktun nytjaskóga hefur verið töluvert til umræðu síðustu misseri. Í sýslunni eru mörg svæði sem henta ágætlega fyrir skógrækt og þurfa bændur og ráðamenn sýslunnar að fylgjast vel með framvindu nytjaskógaáttaks og fá hlutdeild í því ef af verður í einhverjum mæli.

ATVINNUREKSTUR Í RANGÁRVALLASÝSLU


ÞRÓUN OG HUGSANLEGAR ÁSTÆÐUR NÚVERANDI ÁSTANDS

Fyrirtæki í Rangárvallasýslu eru flest þjónustu- og iðnaðarfyrirtæki sem byggja afkomu sína á þjónustu við íbúa sýslunnar.

Allt fram á þriðja áratug þessarar aldar voru engir byggðakjarnar til í sýslunni, ef undan er skilin þétt byggð bændabýla í Þykkvabæ, heldur var sýslan algert bændasamfélag. Á þriðja og fjórða tug aldarinnar fóru að myndast byggðakjarnar á Hvolsvelli, Hellu og Rauðalæk sem byggðu fyrst og fremst á verslun til að þjóna bændum. Þessir byggðakjarnar stækkuðu smátt og smátt vegna þess að þjónusta við landbúnað var tekin inn í héraðið í æ ríkari mæli í kaupþúnunum Hellu og Hvolsvelli. Samgöngur voru lélegar langt fram eftir öldinni, ströndin er hafnlaus og vegakerfið var slæmt. Þar af leiddi að engum datt í hug eða lagði í að setja á stofn iðnað, framleiðslu eða þjónustu sem ekki byggði á heima-markaði. Þorpin stækkuðu og þegar þrengdist um vinnu við þjónustustörf eða iðnað sem byggði eingöngu á heimamarkaði fóru forsvarsmenn sveitarfélaga og einstaka athafnamenn af stað með átak til að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Í kjölfar þess urðu til nokkur iðnfyrirtæki. Vandamálið við flestöll þessi fyrirtæki var og er, að þau búa við mikla samkeppni, bæði við önnur fyrirtæki innanlands og við erlenda framleiðslu. Þau hafa yfirleitt byrjað rekstur við erfið skilyrði og mörg ekki náð að vinna sig út úr þeim vandræðum. Dæmi eru einnig um tungulipra ævintýramenn sem hafa getað selt hugmynd í héraðið og ætlað að standa fyrir rekstrinum sjálfir, en hafa sett reksturinn með miklum hraða í gjaldþrot. Með því versta sem gerst hefur er að þeir heimaaðilar sem vildu efla atvinnu í héraðinu og börðust í að fá fyrirtæki

á svæðið, hafa oft tapað miklum fjárhæðum vegna gjaldþrota. Bæði hefur verið um að ræða hlutafé en einnig, og í vaxandi mæli, greiðslur á ábyrgðum. Slíkir skellir leiða til uppgjafar og varnarviðbragða gegn nýjum fyrirtækjum sem eiga eftir að sanna sig.

Mynd 11 Mannfjöldi í Hvol- og Rangárvallahreppi 1941-1988



Mikil bylting varð í atvinnumálum í sýslunni þegar virkjun vatnsafls við Sigöldu byrjaði. Frá því um 1970 og allt fram á miðjan þennan áratug stundaði fjöldi Rangæinga vinnu á hálendinu, nálægt 300 þegar mest var. Sérstaklega sótti ungt fólk vinnu í virkjanirnar. Þar var mikil vinna og háar tekjur, miklu betri en flestir höfðu kynnst áður. Í Rangárvalla-sýslu var ástandið oft þannig að erfitt var að fá fólk í vinnu sérstaklega að sumarlagi í iðnaðar- og verkamannastörf því ekki var hægt að keppa við virkjanirnar í launamálum.

Vafalaust sýnist sitt hverjum um hvort þessi atvinnusprenging var til góðs eða ills. Margt sveitafólk sem ekki hafði verið á almennum vinnu-markaði sótti í virkjanir og ráðstöfunartekjur heimila í sýslunni jukust.

Þar með var meira keypt af þjónustu, fólk byggði ný hús og bjó við góð kjör. Vandamálið var að eftir virkjanaævintýrið var ekki næg atvinna í sýslunni og sú atvinna sem í boði var var mun verr borguð en virkjana-vinnan. Það leiddi til brottflutnings fólks úr sýslunni, margir héldu tryggð við verktaka sem voru með verk í virkjununum og aðrir leituðu til svæða eins og Reykjavíkur sem buðu hærri laun. Flest störf í virkjunum voru í byggingarvinnu og í jarðvinnu. Vandséð er hvernig hægt hefði verið að byggja upp sambærilega atvinnu á láglandinu.

Heimamenn hefðu hins vegar getað reynt að auka framleiðni þeirra fyrirtækja sem þegar voru starfrækt í sýslunni. Hér má sem dæmi nefna fyrirtæki í byggingariðnaði sem hafa ekki verið nóg í takt við tímenn varðandi uppmælingu verka. Uppmæling gefur mönnum kost á herra tímakaupi með dugnaði en það hefur ekki tíðkast svo neinu nemi í Rangárvallasýslu en er mjög algengt í Reykjavík. Fyrirtækjunum hefur ekki tekist að halda í við önnur atvinnusvæði og því hafa margir farið í burtu.

Mörg fyrirtæki gætu haft hag af því að ráða til sín viðskiptamenntaða stjórnendur, en lítið hefur verið um slíkt enn sem komið er. Stjórnendur fyrirtækja eru flestir fagmenn á sviði viðkomandi fyrirtækis, mjög oft eigendur og/eða stofnendur fyrirtækisins. Stjórnandi, með breiðari yfirsýn en minni sérþekkingu, gæti átt auðveldara með að koma auga á ný tækifæri og sjá fyrir breytingar sem geta stofnað framtíð fyrirtækisins í hættu ef ekki er brugðist við í tíma. Oft eru fyrirtækin svo smá að þau geta ekki haft menntaðan stjórnanda í vinnu, en það á ekki við um þau öll.

Starfandi fyrirtæki og einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur eru flokkuð hér eins og sjá má í töflu 11. Í kaflanum á eftir er nánar fjallað um hvern flokk og lítið á stöðuna og möguleika í náinni framtíð.

Tafla 11 Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga með atvinnurekstur í Rangárvallasýslu án landbúnaðar og bílstjóra í sveitum

ATVINNUGREIN	A-Eyjafjöll Rangárvallahr.		Samtals
	- Hvolhr.	- Djúpárhr.	
Bílstjórar og flutn. í eigu einstaklinga	3	7	10
Þjónustufyrirtæki á vegum sveitarfél.	2	3	5
Þjónustufyrirtæki á vegum ríkisins	9	7	16
Önnur þjónustufyrirtæki	13	9	22
Verslanir, söluskálar, bensínstöðvar	6	8	14
Fiskverkun	1	-	1
Byggingariðn. fyrirtæki	5	2	7
Byggingariðn. einstakl.	3	6	9
Rafvirkjun, fyrirtæki	1	2	3
Rafvirkjar, einstakl.	1	2	3
Málmiðnaður	3	2	5
Bifreiðaviðg., fyrirtæki	2	4	6
Bifreiðaviðg., einstakl.	-	3	3
Fiskeldi	1	2	3
Garðyrkja/Ánamaðkarækt	1	-	1
Skógrækt, landgræðsla (ríkið)	1	2	3
Verktakar, vegagerð o.fl.	2	1	3
Prjóna- og saumaiðnaður	2	1	3
Ýmis iðnaður og framleiðsla	-	3	3
Úrvinnsla landbún. afurða/sláturhús	1	5	6
Félagasamtök með starfsemi	-	3	3
SAMTALS:	57	72	129

27 fyrirtæki eru í eigu einstaklinga og hafa yfirleitt einn starfsmann

19 fyrirtæki eru í eigu ríkisins

5 fyrirtæki eru í eigu sveitarfélaga

78 fyrirtæki eru í eigu hluta-, sameignar-, eða samvinnufélaga

ÁSTAND OG MÖGULEIKAR ATVINNUGREINA

1 Bílstjórar og flutningar í eigu einstaklinga í þéttbýli

Af þeim 10 sem hér eru skráðir eru 7 með vörubíl í lausamennsku. Þeir höfðu lengi sína aðalvinnu af vegavinnu, en nú er yfirleitt öll vegagerð í útboðum. Verkefni þeirra nú eru af mjög skornum skammti og hafa nokkrir farið í burtu til vinnu ef það hefur verið hægt. Einnig hafa marg-

ir hætt akstri vegna lítillar vinnu. Helsta vinnan er áburðarflutningur á vorin og vörubílstjórar sjá smávon um vinnu við nýja Markarfljótsbrú, vegalagningu henni tengdri og hugsanlegum virkjunarframkvæmdum í Þjórsá. Til viðbótar við þessa aðila eru nokkrir bændur sem hafa akstur í hjáverkum.

Tveir yfirbyggðir flutningabílar eru reknir með fasta samninga við ákveðin fyrirtæki auk annars tilfallandi flutnings. Þeirra staða er því nokkuð trygg svo lengi sem fyrirtækin, sem þeir hafa aðalatvinnu af, lifa. Hins vegar eru ekki miklar líkur á aukningu sem neinu nemur.

2 Þjónustufyrirtæki í eigu einstaklinga eða fyrirtækja

Í Rangárvallasýslu eru 2 fyrirtæki í bókhaldsþjónustu, hópferða- og áætlunarbílar, bílaleiga og bílasala, rakara- og snyrtistofur, 2 hárgreiðslustofur, apótek, bifreiðaskoðun, þvottahús, myndbandaleiga, tannlæknastofa, bakarí, dekkjaverkstæði, golfklúbbur, umboðsskrifstofa, 2 grillskálar og 2 hótél. Þessi fyrirtæki eru alls 22. Sum þessara fyrirtækja eru rekin með $\frac{1}{2}$ starfsmanni, önnur aðeins hluta af árinu en nokkur eru allstór. Stærsta fyrirtækið er Austurleið hf., sem er öflugt sérleyfis- og hópferðafyrirtæki. Staða flestra þessara fyrirtækja er nokkuð góð, þörf er fyrir þeirra þjónustu í sýslunni, en í sumum tilvikum er þörfin á þjónustunni bundinn við ákveðna árstíma og lítið að gera á milli. Einnig hefur slæmt atvinnuástand og lítill kaupmáttur áhrif á kaup fólks á þjónustu.

Vaxtarmöguleikar eru litlir í flestum fyrirtækjunum nema íbúum sýslunnar fjölgi. Bestu möguleikarnir virðast vera í hótél og veitingarekstri og annarri þjónustu við ferðamenn. Austurleið hefur til dæmis eflst á undanförunum árum, meðal annars með því að byggja upp eigin aðstöðu í Þórsmörk og standa fyrir áætlunarferðum þangað á sumrin, en einnig með því að leita verkefna utan sýslu. Einnig hefur golfklúbburinn, sem rekur 18 holu golfvöll á Strönd, mikla möguleika á að stækka og eflast, aðallega vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið, en golfvellir þar eru nánast fullnýttir.

Hárgreiðslustofa er nýstofnsett á Hellu og var full þörf fyrir hana. Tannlæknir er aðeins á Hvolsvelli og er þörf fyrir annan á Hellu.

3 Þjónustufyrirtæki á vegum sveitarfélaga

Hvollhreppur og Rangárvallahreppur reka sitt í hvoru lagi hreppsskrifstofu, leikskóla, sundlaug og vinnuflokk, ásamt elliheimili með nágrennasveitarfélögum. Einnig reka þessir hreppar sameiginlega hitaveitu. Fólki hefur fækkað í þessum hreppum og ekki er fyrirhuguð nein aukin starfsemi, oddvitar telja gott ef tekst að halda þeirri þjónustu sem nú er. Aðrir hreppar hafa ekki starfsmenn í fullu starfi nema í tengslum við skóla.

4 Þjónustufyrirtæki á vegum ríkisins

Á Hellu eru Búnaðarbanki, Póstur og sími, Skattstofa Suðurlands, heilsugæslustöð, dýralæknir og vist- og vinnuheimili fyrir áfengissjúklinga að Gunnarsholti.

Á Hvolsvelli eru Landsbanki, Póstur og sími, vegagerð, rafmagnsveitur, heilsugæslustöð, dýralæknir, lögregla og sýsluskrifstofa.

Á Skógum í A-Eyjafjallahreppi er starfandi dýralæknir sem einnig þjónar V-Skaftafellssýslu vestan Mýrdalssands.

Þetta eru alls 15 einstaklingar og fyrirtæki. Starfsemi flestra er lögbundin og allir þessir aðilar verða áfram í sýslunni en ekki er að vænta aukinna umsvifa, frekar líkur á fækkun starfsfólks vegna sparnaðarráðstafana.

Eitt af ofangreindum fyrirtækjum er einnig með framleiðslu en það er Gunnarsholtshælið. Það starfrækir steypustöð sem framleiðir meðal annars gangstéttarhellur, netasteina og fleira.

Auk þessa er Landsvirkjun með reglulega starfsemi við vélgæslu og viðhald virkjana í Sigöldu, Hrauneyjum og Búrfelli. Hrauneyjastöðin er í Rangárvallasýslu og þjónar hún einnig Sigöldustöð. Nokkrir eru búsettir þar, en aðrir sækja þangað vinnu þar á meðal nokkrir Rang-

æingar. Vonast er til að frekari virkjanaframkvæmdir hefjist á næstunni á vatnasvæði Þjórsár og ef af því verður ættu íbúar Rangárvallasýslu að njóta góðs af, bæði hvað varðar vinnu og þjónustu.

5 Verslanir

Á Hvolsvelli er ein smásöluverslun og ein heildverslun, á Hellu eru 2 smásöluverslanir (önnur aðallega í matvöru) og ein sérverslun, en ein smásöluverslun er á eftirtöldum stöðum: Skarðshlíð í A-Eyjafjallahreppi, Þykkvabæ í Djúparhreppi, Rauðalæk og Vegamótum í Holtahreppi. Alls eru því 9 verslanir í sýslunni. Auk ofantaldra verslana er myndbandaleiga á Hellu sem verslar með ýmsar vörur, svo sem hljóm-tæki og sjónvörp, og einnig fást ýmsar vörur í apóteki, bæði á Hellu og Hvolsvelli.

Starfsemi söluskála og bensínstöðva er nær eingöngu við þjóðveg 1. Yfirleitt er reksturinn á sömu hendi, það er starfsemin er í sama húsi eða á sama athafnasvæði. Bæði á Hellu og á Hvolsvelli eru 2 stöðvar og ein í Steinum A-Eyjafjallahreppi. Auk þessara 5 stöðva eru 3 verslanir, á Rauðalæk, í Þykkvabæ og í Skarðshlíð A-Eyjafjallahreppi, sem selja bensín, og á Leirubakka í Landsveit er söluskáli að sumarlagi. Ljóst er að þessi starfsemi er á nægilega mörgum stöðum í sýslunni og vafalaust væri hægt að þjóna svæðinu þó að aðilar væru færri. Fjöldi útsölastaða hefur verið sá sami í 2 ár og eru litlar líkur á fækkun en ólíklegt er að fleiri hætti sér út í slíkan rekstur.

Verslun í sýslunni hefur átt mjög undir högg að sækja undanfarin ár. Tvö verslunarfyrirtæki með samtals 4 verslanir hafa orðið að hætta starfsemi vegna erfiðleika í rekstri. Aðstaða beggja fyrirtækjanna var leigð eða seld öðrum sem hafa haldið áfram verslunarrekstri en að hluta til með lakari þjónustu en áður var.

Allt fram á síðustu ár var verslun með matvöru í höndum 3 aðila, Kaupfélagsins Þórs á Hellu, Kaupfélags Rangæinga á Hvolsvelli og Verslunar Friðriks í Þykkvabæ. Tvö af þessum fyrirtækjum hættu verslunarrekstri á síðasta ári vegna rekstrarerfiðleika, það er Kaupfélagið Þór og Verslun Friðriks. Verslunarhúsnæði beggja fyrirtækjanna var leigt

Atvinnurekstur

eða selt undir áframhaldandi verslunarrekstur, í Þykkvabæ leigðu einkaaðilar, en á Hellu leigði hlutafélagið Þríhyrningur verslunarhús, pakkhús og stórgripasláturhús. Kaupfélagið Þór rak einnig verslanir á Vegamótum í Holtahreppi og í Skarðshlíð í A-Eyjafjallahreppi og voru báðar verslanirnar seldar heimamönnum.

Kaupfélag Rangæinga sem hefur rekið verslanir á Rauðalæk í Holtahreppi og á Hvolsvelli stendur eitt eftir af gömlu keppinautunum, en hefur einnig mátt þola verulegan samdrátt í verslun á síðustu árum.

Mosfell sf. á Hellu hefur lengi rekið verslun með gjafavörur, heimilistæki og raftæki. Samkeppnin hefur lengst af verið við verslanir utan sýslu, en einnig síðustu ár við myndbandaleigu á Hellu sem selur raftæki. Á Hellu er einnig verslun með vörur í garða og gróðurskála, svo sem stytur og ker. Aðalmarkaður þeirrar verslunar er utan sýslu og væri verslunin því betur staðsett í Reykjavík en eigandinn ætlar að halda áfram rekstri á Hellu. Lyfsalinn á Hellu rekur verslanir bæði á Hellu og Hvolsvelli með lyf, snyrtivörur og gjafavörur. Á Hvolsvelli er heildverslun nýlega tekin til starfa, en verslunin var keypt í rekstri. Hún var í Hafnarfirði en eigandinn hefur smám saman verið að færa starfsemina austur. Allar þessar sérverslanir ganga sæmilega en markaðssvæðið er ekki stórt og stutt í stór verslunarsvæði.

Ástæður erfiðleika verslunar í sýslunni, sérstaklega í matvöru, eru margar en nefna má eftirfarandi:

1. Töluverð fólksfækkun hefur verið í sýslunni á undanförunum árum.
2. Mikill samdráttur í landbúnaði sem hefur leitt af sér minni verslun bænda bæði á neysluvörum og rekstrarvörum.
3. Minni kaup bænda á þjónustu hafa minnkað tekjur þjónustufyrirtækja í kaптúnunum sem leiðir af sér skerta kaupgetu íbúa kaптúnanna sem hafa flestir tekjur af þjónustu.
4. Fjármagnskostnaður undanfarin ár hefur verið mjög hár fyrir fyrirtæki sem skulda mikið og á það bæði við um verslun og önnur fyrirtæki. Einnig hafa viðskipti með greiðslukortum aukið á fjármagnskostnað verslunar.

5. Samkeppnin harðnaði með tilkomu stórmarkaða í Reykjavík og nágrenni, en með bættem samgöngum og stórauðkinni bílaeign er Suðurland orðið hluti af verslunarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Verslunarferðir út frá svæðinu hafa aukist, en einnig kröfur um vöruúrval í verslunum í sýslunni. Það dregur úr veltuhraða og eykur þannig kostnað.
6. Tekjur fólks sem vann við virkjanaframkvæmdirnar voru mun meiri en það hefur í vinnu í byggð, að minnsta kosti í Rangárvallasýslu. Þegar vinnu var lokið á hálendinu lækkuðu tekjur flestra sem þar unnu og þar með minnkaði kaupgetan.
7. Söluskattur á öll matvæli þrengdi mjög lausafjárstöðu fyrirtækja í verslun, það er þeirra sem stunda reikningsviðskipti og reka sláturhús, en bændur eru gjarnan í reikningsviðskiptum og greiða verslunarúttekt með afurðainnleggi. Söluskattinn þarf að greiða mánaðarlega en tekið getur marga mánuði að fá afurðirnar greiddar.

Til að bæta hag þessara aðila má nefna:

- 1 Aukin álagning á vörur sem hafa lága álagningu. Dagvörur eru yfirleitt mjög mikill hluti af veltu verslunar og þær eru með lága álagningu.
- 2 Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði afnuminn á landsbyggðinni.
- 3 Afnám söluskatts á landbúnaðarvörur til að örva sölu á þeim.

6 Fiskverkun

Einn aðili á Hvolsvelli hefur nýverið ráðist í fiskverkun, bæði flökun og frystingu í pakkningar og saltfiskverkun. Lítil reynsla er enn komin á þessa starfsemi, til dæmis hvernig gengur að afla hráefnis allt árið um kring, en fiskurinn er allur keyptur á fiskmörkuðum, hvernig gengur að fá fólk til að vinna við fiskinn til frambúðar og hvernig sölumál þróast. Það er þó vel þess virði að prófa hvort hægt er að reka fiskvinnslu þetta

langt frá fiskiskipahöfn, því ef þessi rekstur gengur vel opnast alveg nýr möguleiki í atvinnuuppbyggingu.

7 Byggingariðnaður

Á Hvolsvelli eru 3 trésmiðjur, eitt fyrirtæki í húsgagnasmíði og ein steypustöð. Á Hellu eru 2 trésmiðjur. Að minnsta kosti 2 þessara fyrirtækja eru að íhuga að hætta starfsemi og eitt er risið upp úr rústum trésmiðju sem hætti í vetur.

Segja má að byggingariðnaður í sýslunni hafi hrunið á síðustu árum. Fyrst er til að taka að geta bænda til nýbygginga og viðhalds hrundi með setningu fullvirðisréttar á framleiðslu þeirra. Skert kaupgeta bænda bitnar á allri þjónustu í kaптúnunum og það hefur leitt til fólksflotta úr sýslunni. Þar með hefur losnað húsnæði í kaптúnunum þannig að ungt fólk eða aðkomumenn hafa getað keypt hús mjög ódýrt en ekki þurft að byggja sjálf. Því hefur vinna byggingarmanna dottið niður bæði í sveitum og kaптúnunum og hafa þeir staðið frammi fyrir því að minnka við sig eða sækja vinnu utan sýslu. Fyrirtækjum hefur gengið misvel að afla sér verkefna og fyrirtæki sem hafa mikinn fastan kostnað hafa ekki bolmagn til að taka þátt í því verðstríði sem er í tilboðagerð á byggingamarkaðinum nú. Því eru nokkur fyrirtæki að hætta starfsemi eða eru þegar hætt.

Miðað við núverandi ástand eru ekki líkur til að kaupgeta breytist mikið á næstu árum þannig að ástandið í byggingariðnaði mun líklega ekki batna mikið á næstunni. Hins vegar er ekki vafi á því að ef bændur fengju tækifæri til að auka framleiðslu og þar með tekjur sínar bíða mörg verkefni í sveitunum.

Auk fyrirtækjanna eru 9 sjálfstæðir iðnaðarmenn í þéttbýli sem hafa atvinnu af byggingariðnaði, trésmíði, múrverki, pípulögnum og málun. Næg atvinna hefur verið fyrir pípulagningarmenn og málara, en hluti trésmiða og múrara hafa undanfarið leitað verkefna utan sýslu. Ekki eru líkur á miklum breytingum frekar en hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði, en þessir aðilar hafa mikið meiri sveigjanleika en fyrirtæki vegna þess að yfirleitt er verkstæði þeirra eða aðstaða í bílskúr og engin yfirbygging í

rekstrinum. Að líkindum eru verkefni fyrir að minnsta kosti einn málara í viðbót, því töluvert er um vinnu aðkomumanna við málun.

8 Rafvirkjun

Þrjú fyrirtæki eru starfandi, 2 á Hellu og eitt á Hvolsvelli. Undanfarið hefur verið næg atvinna fyrir þessa aðila, að vísu lítið um nýlagnir en viðhald er stór hluti starfseminnar. Líkur eru á óbreyttri starfsemi.

Tveir rafvirkjameistarar starfa sjálfstætt, annar er í Fljótshlíð og hinn í Holtahreppi. Þeir hafa báðir komið nálægt öðrum störfum en vinna við iðnina núna. Þeir sækja vinnu þangað sem hana er að hafa bæði í sýslunni og utan hennar.

Rafeindavirki starfar á Hellu og rekur þar viðgerðarverkstæði. Hann er eini starfsmaður fyrirtækisins sem hann hefur starfrækt í nokkur ár og gengið ágætlega.

9 Málmiðnaður

Hér er um að ræða 5 fyrirtæki. Á Hvolsvelli er vélsmiðja, skeifnasmiðja og bíla- og blikksmiðja. Á Hellu er vélsmiðja og skeifnasmiðja.

Í vélsmiðinni hefur verið allmikill kraftur. Á Hvolsvelli hafa menn fundið upp eftirsóttar vélar til heyvinnu og hefur það haldið vélsmiðjunni á lofti. Annars byggja báðar smiðjurnar á viðhaldsverkefnum. Mikill vafi er um framtíð bíla- og blikksmiðjunnar. Skeifnasmiðjan á Hvolsvelli er starfrækt um það bil 6 mánuði á ári og skeifnasmiðjan á Hellu er starfrækt samhliða reykhusi með 2 starfsmönnum.

Í landbúnaðarhéraði er mikið um vélar og tæki þannig að alltaf verður þörf fyrir einhvern málmiðnað. Ólíklegt er að breyting verði í náinni framtíð.

10 Bifreiða- og hjólbarðaverkstæði

Bifreiða- og hjólbarðaverkstæði með fleiri en einn starfsmann eru alls 6. Kaupfélag Rangæinga rekur 2 þau stærstu, annað á Hvolsvelli en hitt á Rauðalæk. Síðan er eitt verkstæði í A-Eyjafjallahreppi og 3 eru á Hellu.

Skin og skúrir hafa skipst á í rekstri bílaverkstæða í sýslunni undanfarin ár. Rekstur verkstæðanna hefur farið mjög mikið eftir því hvernig viðkomandi verkstæði hefur verið stjórnað. Ef verkstæðin hafa ekki haft góðan verkstjóra þá hefur sigið á ógæfuhliðina en ef vel hefur verið stjórnað hefur gengið vel. Í heildina virðist þessi rekstur nokkuð stöðugur, ef miðað er við fjölda bifvélavirkja á verkstæðunum. Bifreiðaverkstæði eru einna líklegust til að hagnast á samdrætti og minnkandi kaupmætti því líkur eru á að fólk endurnýi bíla ekki eins ört og dragi úr fyrirbyggjandi viðhaldi.

Þrjár einstaklingar eru með bifreiðaviðgerðir eða réttingar. Á Hellu rekur einn réttingar- og sprautunarverkstæði og vinnur við það fullt starf, annar á Hellu og einn í Þykkvabæ eru með bifreiðaviðgerðir í bílskúr og hafa af því tekjur ásamt ýmsu öðru. Þessir einstaklingar eru búnir að vera að í mörg ár og ekki eru miklar líkur á breytingum á þeirra starfsemi.

11 Fiskeldi

Fiskeldisstöðvar eru 3, allar með aðstöðu í Landmannahreppi. Þar eru taldar ágætar aðstæður fyrir fiskirækt. Þessi rekstur hefur þó gengið mjög brösuglega hjá 2 fyrirtækjum. Aðeins eitt þessara fyrirtækja virðist ganga sæmilega, en það er fiskeldisfyrirtæki sem Landsvirkjun setti á stofn vegna röskunar á veiðisvæðum á afréttum Landmanna, Holtamanna, Ásahrepps og Djúpárhrepps vegna virkjunarframkvæmda. Eitt fyrirtækið, Sjávargull, varð gjaldþrota áður en framkvæmdum við stöðina lauk. Sú stöð er nú leigð bónda úr Ásahreppi meðan á gjaldþrotameðferð stendur. Bóndinn er með bleikjueldi. Þriðja fyrirtækið er Búfiskur en þar hefur reksturinn gengið erfiðlega, aðallega vegna mikils kostnaðar og seiðadauda.

Eins og víðar í landinu virðist fiskeldi hafa farið af stað meira af kappi en forsjá. Fjármagn hefur ekki verið tryggt sem leiðir af sér mikil vandræði strax og byrjað er að byggja þannig að fyrirtækin fá í raun ekki möguleika á að sanna sig. Fáum er um að kenna öðrum en aðstandendum viðkomandi fyrirtækja. Þó verður að geta þess að umræðan um fiskeldið á sínum tíma var slík að ekki var hægt að skilja hana öðruvísi en svo að í fiskeldi fælist skjótfenginn gróði, enda hlupu margir til. Mönnum var ekki gerð ljós sú vandvirkni sem verður að fylgja fiskirækt eða mögulegum óhöppum sem margir hafa orðið fyrir. Þá hefur verið á eldisfiski farið lækkandi. Afleiðingin er sú að stór hluti fiskeldisfyrirtækja á í miklum erfiðleikum.

Helstu möguleikar fiskeldis í Rangárvallasýslu gætu falist í fiskeldi í smáum stíl í tjörnum hér og þar. Þegar er byrjað að skoða þá möguleika og ef niðurstöður verða jákvæðar er hugsanlegt að allmargir bændur gætu án mikils tilkostnaðar komið upp fiskeldi sem aukabúgrein. Einnig er vonandi að núverandi fiskeldisstöðvar haldi velli og að möguleikar á ræktun í stórum stöðvum verði nýttir í framtíðinni.

12 Garðyrkja og ánamaðkarækt

Árið 1988 var aðstaða graskögglaverka-smiðjunnar að Stórólshvoli í Hvolhreppi leigð til að hefja ræktun á ánamöðkum og lífrænni framleiðslu. Einnig hafa verið reist gróðurhús við verksmiðjuna samtals 1100 m² til kál- og rófuræktar. Eigendur eru ekki óánægðir með árangurinn þó að ekki hafi allt gengið fullkomlega upp, meðal annars vegna óhagstæðs veðurlags. Þeir eru að vinna að frekari nýjungum í sumar varðandi nýtingu leigulandsins og hyggjast halda áfram á sömu braut.

Með þessu framtaki skapaðist atvinna fyrir nokkra menn með nýtingu á landi og byggingum sem að mestu var hætt að nýta.

13 Skógrækt og landgræðsla, ríkisrekstur

Í sýslunni eru 3 fyrirtæki í ríkiseign sem tengjast skógrækt og landgræðslu. Þau eiga það meðal annars sameiginlegt að veita mesta atvinnu á sumrin og nýta því talsvert skólafólk. Þessi fyrirtæki eru:

Atvinnurekstur

Skógrækt ríkisins að Tumastöðum í Fljótshlíð.

Þetta er gamalgróið fyrirtæki sem fæst við trjá- og plönturækt. Starfsemin er í föstum skorðum og eru ekki líkur á miklum breytingum.

Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti, Rangárvallahreppi.

Landgræðslan er einnig gamalt og traust fyrirtæki. Verkefni landgræðslunnar eru mikil og fer það eftir fjárframlögum ríkisins hve mikið er hægt að gera í ræktun á hverju ári. Framlag þetta er nokkuð sveiflukennt en nú er vakning fyrir landgræðslu og gróðurvernd og eru nokkrar líkur á að fjárframlög aukist frekar en hitt.

Fóður og fræframleiðslan, Gunnarsholti.

Þetta fyrirtæki framleiddi lengi grasköggla eða allt þar til 1986 að framleiðsla þeirra var stöðvuð vegna mikillar birgðasöfnunar. Ekki eru líkur á að framleiðsla grasköggla verði aftur í Gunnarsholti, en önnur framleiðsla er komin í staðinn. Á síðasta ári byrjaði verksmiðjan að húða fræ til landgræðslu, bæði til að þyngja fræin en einnig til að veita fræinu næringu. Þessi fræhúðun hefur þegar aukist mikið og er þessi framleiðsla einn af ljósu punktunum í atvinnulífi sýslunnar undanfarin ár. Líkur eru á að fyrirtækið hafi ekki minni umsvif í fræhúðun en þegar það framleiddi grasköggla.

Rangárvallasýsla á alla möguleika á að taka til sín hluta af væntanlegu skógræktarátaki í ræktun nytjaskóga, því í sýslunni eru víða mjög heppileg skilyrði til skógræktar. Þegar hefur verið leitað til hreppsnefnda um hugsanlegan áhuga á ræktun nytjaskógar og þá aðallega í tengslum við bændur. Ræktun nytjaskógar gæti orðið arðvænleg aukabúgrein í framtíðinni en ræktunin skilar engum arði fyrstu árin og það gæti hamlað áhuga manna á slíkri ræktun.

14 Verktakar, vegagerð og jarðvinna

Tvö verktakafyrirtæki í vegagerð og jarðvinnu eru á Hvolsvelli og eitt á Hellu, auk þess sem bændur á Galtalæk í Landsveit hafa verið með allmörg tæki og tekið þátt í útboðum. Annað fyrirtækið á Hvolsvelli og fyrirtækið á Hellu eru tiltölulega stór á landsvísu.

Verkefnið í sýslunni undanfarin ár hafa verið mjög takmörkuð og hafa fyrirtækin tekið þátt í útboðum um allt land og verið í verkum að minnsta kosti á Vestur- og Norðurlandi. Það er mjög slæmt að þurfa að sækja verkefni langt frá aðalbækistöðvum, bæði vegna kostnaðar við ferðir og upphald og ekki síður vegna fjarveru starfsmanna frá heimilum. Stjórnendur beggja stærri fyrirtækjanna hafa haft á orði að fyrirtækin væru betur sett annars staðar en í Rangárvallasýslu. Það væri mikið áfall fyrir Hellu og Hvolsvöll ef þessi fyrirtæki færu í burtu með starfseminum.

Æskilegt er að þau verk sem þarf að vinna í héraði séu unnin af heimamönnum ef þekking og tækni eru fyrir hendi. Næsta stórverkefni í vegagerð í Rangárvallasýslu er væntanlega ný Markarfljótsbrú. Verktakar í sýslunni vonast til að fá þar verkefni.

15 Þrjónaiðnaður

Þrjónaiðnaður í Rangárvallasýslu, eins og reyndar á landinu öllu, hefur hrúnið á undanförunum 3-4 árum. Fyrir nokkrum árum voru 6 saumastofur í sýslunni með um það bil 80-90 manns í vinnu. Nú eru starfandi 3 saumastofur og er starfsfólk um 25 manns.

Reksturinn hefur gengið mjög erfiðlega en eitthvað betra hljóð hefur komið í forsvarsmenn þrjónaiðnaðar í landinu á þessu vori. Það er vonandi að það þýði bættu afkomu þessa iðnaðar í Rangárvallasýslu. Ein af stærstu saumastofum landsins var starfrækt á Hvolsvelli en var lögð niður fyrir nokkrum árum. Húsnæði saumastofunnar stendur autt og hugsanlega kemur sá tími að aftur verði not fyrir þau tæki sem þar eru. Það er með þennan iðnað eins og flesta aðra starfsemi í sýslunni sem byggir ekki á heimamarkaði, að fyrirtækin eru í mikilli samkeppni og þurfa yfirleitt að treysta á aðra til að koma framleiðslu sinni í verð, til dæmis söluþyrntæki í Reykjavík.

16 Ýmis iðnaður og framleiðsla

Í þessum flokki eru 3 fyrirtæki sem öll eru á Hellu.

Glerverksmiðjan Samverk er aðallega í samsetningu á einangrunargleri. Þar er fyrirtækið í mikilli samkeppni en hefur ekki lent í verulegum vandræðum enn. Framtíðin er mjög óljós þar sem sveiflur í byggingariðnaði hafa mikil áhrif á kaup á gleri. Einnig er verksmiðjan ekki nægilega vel staðsett til sölu á stærsta markaðssvæðið sem er höfuðborgarsvæðið.

Tjaldborg er framleiðslufyrirtæki Mosfells sf. Það er aðallega í tjaldsaumi og skyldri framleiðslu. Fyrirtækið hefur náð góðri markaðshlutdeild á öllu landinu og hefur gengið vel. Samkeppnin er þó mikil bæði við innlenda framleiðslu og innflutning.

Þriðja fyrirtækið er Keramikhúsið hf. sem er nýstofnað á Hellu. Aðaláherslan er lögð á mótun keramik listmuna en einnig er rekin verslun á Hellu og önnur í Reykjavík. Það var heimamaður sem keypti þetta fyrirtæki í rekstri og flutti framleiðsluna austur. Þó að engin reynsla sé komin á þetta fyrirtæki sýnir það að hægt er að finna framleiðslu sem staðsetja má í Rangárvallasýslu ef hugmyndaflugi og framtakssemi er beitt.

17 Úrvinnsla landbúnaðarafurða, sláturhús

Á Hvolsvelli er Sláturfélag Suðurlands með sláturhús og kjötvinnslu. Á Hellu er Reykjagarður hf. með fuglasláturhús og kjötvinnslu, Þríhyrningur hf. stórgripasláturhús og Loðskinn hf. starfrækir þar gærusöltunarstöð. Í Þykkvabæ starfrækir Þríhyrningur hf. sauðfjársláturhús og kjötvinnslu, og Þykkvabæjarkartöflur hf. eru með verksmiðju til framleiðslu á frönskum og forsoðnum kartöflum og skyldum vörum.

Úrvinnsluiðnaður landbúnaðarafurða er fjölmennasta starfsgreinin. Láta mun nærri að um 70 manns hafi atvinnu allt árið og í sláturtíð fjölga starfsfólki á Hvolsvelli og í Þykkvabæ um nálægt 150. Úrvinnslan hefur vaxið á undanförunum árum, meira hefur verið unnið af afurðum sem áður voru fluttar í burtu óunnar. Til dæmis er gærusöltunarstöðin nýtt fyrirtæki og kjötvinnsla og slátrun hafa vaxið. Mun meira er þó hægt að gera í því sambandi og binda heimamenn vonir við að Sláturfélag Suðurlands færi vinnslu á unnum kjötvörum meira til Hvolsvallar en nú

er. Einnig eru líkur á að Reykjagarður á Hellu, eða fyrirtæki í tengslum við það, muni hefja kjötvinnslu á fuglakjöti í töluverðum mæli á Hellu. Þykkvabæjarkartöflur hafa einnig nýjungar á döfinni sem eiga að bæta nýtingu húsa og tækja og auka atvinnu.

Yfir þessum iðnaði er því nokkuð bjart og verða heimamenn að róa að því öllum árum að það kjöt sem framleitt er og slátrað í sýslunni verði fullunnið þar en ekki flutt til vinnslu á aðra staði.

18 Félagasamtök með starfsfólk á launum

Á Hellu eru 2 félagasamtök sem hafa starfsmenn í fullu starfi. Verkalýðsfélag Rangæinga hefur 2 fasta starfsmenn. Lífeyrissjóður Rangæinga hefur einn fastan starfsmann.

Í Gunnarsholti starfrækja bændasamtökin stóðhestastöð, stöðin tekur stóðhesta til tamninga. Þar hafa undanfarið starfað 2 menn.

Ferðafélögin eru með landverði í Landmannalaugum og í Þórsmörk á sumrin, en þeir starfsmenn eru ekki búsettir í sýslunni.

Önnur félagasamtök hafa ekki fasta starfsmenn eða opna skrifstofu og er starf í þágu þeirra yfirleitt unnið í sjálfboðavinnu.

NIÐURSTÖÐUR

Það sem einkennir atvinnulífið í Rangárvallasýslu er hvað það byggir mikið á heimamarkaði. Þjónustugreinar eru lífæð þorpanna í sýslunni sviðað og sjávarútvegur er hjá þeim þorpum og kaupstöðum sem hafa hafnaraðstöðu. Vaxtarmöguleikar flestra fyrirtækja byggjast á því að sýslan eflist sem heild og fólki fjölgi til að fleiri verði til að kaupa þá þjónustu sem til er. Flest þjónustufyrirtæki geta annað mun fleiri viðskiptavinum. Því þarf að fá fleiri iðnaðar-, framleiðslu- eða úrvinnslufyrirtæki til að setjast að í sýslunni. Til þess að svo megi verða þarf að koma til byggðastefna sem hefur það að markmiði að jafna möguleika fólks til búsetu í landinu og gera landsbyggðina aðlaðandi í augum þeirra sem eru að hugleiða stofnun fyrirtækis eða aukna starfsemi. Bæði fjármagn og fólk hefur sogast á höfuðborgarsvæðið undanfarin ár og þeirri þróun þarf að snúa við. Ákveða þarf hvar stefnt skuli að búsetu í landinu næstu áratugi og veita þeim svæðum aðstoð til að treysta atvinnulífið. Þetta þarf að gera samhliða hagræðingarátaki í sjávarútvegi og landbúnaði.

Við mótun byggðastefnu verður að tryggja að tekið sé tillit til alls landsins þannig að hafnlaus sýsla eins og Rangárvallasýsla verði ekki skilin útundan. Ef til hefði verið áætlun á síðustu árum um að tryggja að úrvinnsla landbúnaðarafurða fari sem mest fram í héraði, væri Sláturfélag Suðurlands hugsanlega ekki að byggja hús í Reykjavík, meðal annars fyrir kjötvinnslu, heldur færi vinnslan fram að mestu á Hvolsvelli og á Selfossi. Einnig hefði líklega verið hægt að byggja átöppunarstöð fyrir mjólkurafurðir fyrir austan fjall eins og í Reykjavík. Smám saman er búið að eyðileggja möguleika þessa héraðs til að vinna úr eigin framleiðslu. Líkja má þessu við gámaútflutning á fiski. Þá er fiskurinn veiddur, settur í gáma og sendur úr landi til frekari vinnslu. Í Rangárvallasýslu er framleidd mjólk og kjöt, það sett á flutningabíla og ekið til frekari vinnslu í Árnessýslu og í Reykjavík. Í hvorugu tilvikinu er hrá-

efnið unnið eins mikið í héraði eins og hægt væri. Auðvitað þarf þó að gæta hagkvæmni í fjárfestingum og fjárfesta ekki of víða.

Frekari jöfnun orkuverðs er ein forsenda þess að landsbyggðin geti verið jafn góður kostur og höfuðborgarsvæðið, bæði hvað varðar búsetu og fyrirtækjarekstur.

Mikill vandi blasir við í landbúnaði. Ekki verður komist hjá aðgerðum til að lækka framleiðslukostnað og auka framleiðni býla. Það þýðir fækkun framleiðenda og þörf á nýjum atvinnutækifærum fyrir þá bændur sem hætta framleiðslu. Nauðsynlegt er að bændur og samtök þeirra taki á þessu vandamáli og hafi forgöngu í að leggja fram lausnir á hvernig standa eigi að nauðsynlegum samdrætti í samvinnu við ríkisvaldið.

Í þeim hreppum þar sem nær eingöngu eru bændur er skortur á fjölbreytni, það er að geta boðið þeim sem ekki vilja vera í búskap aðra möguleika. Í samtölum við oddvita kom í ljós að hvarvetna er áhugi á léttum iðnaði og jafnvel er tilbúið gott húsnæði undir smáiðnað. Hugmyndir eða framkvæmd hugmynda vantar hins vegar.

Íbúar sýslunnar þurfa að hugleiða hvað þeir geti gert til að efla atvinnulíf sýslunnar. Fyrsta skrefið er að njóta þeirrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi og sækja ekki meira út fyrir sýsluna en nauðsyn krefur. Slík tryggð hefur keðjuverkandi áhrif á allt atvinnulíf til batnaðar. Aðgerðir til stuðnings verslun í dreifbýli til að auðvelda lækkun á vöruverði myndu vafalaust hafa mikið að segja. Einnig er mikilvægt að fólk sé jákvætt og styðji við bakið á þeim sem sýna framtakssemi.

Virkjanaframkvæmdir á vatnasvæði Þjórsár og Tungnaár koma hugsanlega til bjargar bágum atvinnuhorfum í sýslunni og geta komið í veg fyrir brottflutning bæði einstaklinga og fyrirtækja úr sýslunni að minnsta kosti fyrst um sinn. Ef af framkvæmdum verður þarf að huga að því í tíma hvað það fólk sem fær þar vinnu á að gera þegar framkvæmdum lýkur.

Stefna ber sem fyrst að ráðningu iðnráðgjafa fyrir Rangárvallasýslu með aðsetur í sýslunni, en í góðu samstarfi við iðnráðgjafa Suðurlands á Sel-fossi. Mikil þörf er á ráðgjöf bæði fyrir starfandi fyrirtæki og til að-

stoðar við leitun og stofnun nýrra atvinnutækifæra, því reynslan hefur leitt í ljós að heimamenn verða að treysta að mestu á eigin framtakssemi ef snúa á við deyfð í atvinnumálum. Það kemur ekkert kraftaverk frá stjórnvöldum, en þaðan þarf að koma góður stuðningur og skilningur á viðleitni heimamanna.

SPURNINGALISTI FYRIR BÆNDUR Í RANGÁRVALLASÝSLU

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

1. Í hvaða hreppi er jörðin? _____
2. Er félagsbú rekið á jörðinni? _____
Ef félagsbú, hvað eru margir bændur? _____
3. Hver er aldur núverandi ábúanda? _____
_____ 20 - 30 ára
_____ 31 - 50 ára
_____ 51 - 67 ára
_____ eldri en 67 ára
4. Hvaða aðalbúgrein er stunduð á jörðinni? _____
5. Hvaða aukabúgrein (-greinar) er stunduð á jörðinni? _____

6. Hvað eru margir heimilisfastir á býlinu? _____
Hve margir eru eldri en 16 ára? _____
7. eru einhverjir eldri en 16 ára sem eiga heima á býlinu en sækja vinnu annað? _____
_____ Vinna í hreppnum allt árið.
_____ Vinna í hreppnum hluta úr ári í _____ mánuði. Hvenær? _____
_____ Vinna í sýslunni allt árið.
_____ Vinna í sýslunni hluta úr ári í _____ mánuði. Hvenær? _____
_____ Vinna utan sýslu allt árið, hvar? _____
_____ Vinna utan sýslu hluta úr ári í _____ mánuði. Hvenær? _____
og hvar á landinu? _____
8. Hafa einhverjir lögheimili á býlinu en búa og vinna annars staðar? _____,
fjöldi: _____
Hve margir af þeim eru eldri en 16 ára? _____
Hve margir búa og vinna í hreppnum? _____
Hve margir búa og vinna annars staðar? _____, hvar? _____
9. Hve margir eldri en 16 ára hafa fulla atvinnu af búskapnum? _____

Viðauki

10. Hve margir eldri en 16 ára hafa hluta-tekjur af búskapnum? _____
Hvað vinna þeir mörg ársverk samtals í búskapnum? _____
11. Koma tekjur heimilisins frá öðru en búinu? _____
12. Ef svo er: a) Vinna húsbónda við _____ = ___% af árstekjum.
b) Vinna húsmóður við _____ = ___% af árstekjum.
13. Hve stór er jörðin í hekturum? _____
a) Þar af ræktað land _____ hektarar
b) Þar af beitarlönd _____ "
c) Þar af sandar og melar _____ "
14. Hefur jörðin aðgang að afrétti? _____
Ef svo er: _____ Er afrétturinn beitarmikill _____ Er afrétturinn beitarrýr
15. Hve stórt er búmark (kvóti) jarðarinnar? _____ ærgildi.
16. Er búmarkið á jörðinni fullnýtt? _____
Ef ekki fullnýtt, hversu mikið er nýtt? _____ ærgildi.
17. Ef annað hvort húsbóndi eða húsmóðir vinna með bústörfum, er það vegna:
a) _____ Búið gefur ekki nógu mikið af sér
b) _____ Árstíðabundnir lausir tímar frá bústörfum vegna eðlis búskapar.
c) _____ Þörf á samskiptum utan heimilis.
18. Ef búið gefur ekki nógu mikið af sér:
Getur bújörðin tekið við stærri bústofni? _____
19. NAUTGRIPIR:
- a) Fjöldi nautgripa á jörðinni? _____ stk.
Þar af: Mjólkurkýr = _____ stk.; Geldneyti = _____ stk; Kálfar = _____ stk.
- b) Ef mjólkurkýr, eru þær: 1) Aðalbúgrein = _____% af tekjum.
2) Aukabúgrein = _____% af tekjum.
- c) Vilt þú sem ábúandi hafa möguleika á að fjölga nautgripum?
_____ Fjölga mjólkurkúm, fjöldi = _____
_____ Fjölga geldneyti, fjöldi = _____
_____ Fjölga kálfum, fjöldi = _____
- d) Getur jörðin tekið við fjölgun nautgripa? _____
Vegna ræktaðs lands: _____, fjölgunarmöguleikar: _____
Vegna beitarlands: _____, fjölgunarmöguleikar: _____

- e) Er til húsakostur fyrir fjölgun nautgripa? _____
 Til fjölgunar á: 1) Mjólkurkúm = _____ stk.
 2) Geldneyti = _____ stk.
 3) Kálfum = _____ stk.

20. SAUÐFÉ:

- a) Fjöldi sauðfjár á jörðinni? _____ stk.
 Þar af: Lambfé = _____ stk., Gemlingar = _____ stk.
- b) Ef sauðfé, er það: 1) Aðalbúgrein = _____% af tekjum.
 2) Aukabúgrein = _____% af tekjum.
- c) Vilt þú sem ábúandi hafa möguleika á að fjölga sauðfé? _____
 _____ Fjölga lambfé um _____ stk.
- d) Getur jörðin tekið við fjölgun sauðfjár? _____
 Vegna ræktaðs lands: _____, fjölgunarmöguleikar: _____ stk.
 Vegna heimabeitar: _____, fjölgunarmöguleikar: _____ stk.
 Vegna afréttar: _____, fjölgunarmöguleikar: _____ stk.
- e) Er til húsakostur fyrir fjölgun sauðfjár? _____, fyrir = _____ stk.

21. HROSS:

- a) Fjöldi hrossa á jörðinni? _____ stk.
 Þar af: Hryssur = _____ stk., Hestar = _____ stk., Folöld = _____ stk.
- b) Ef hrossabúskapur, er hann:
 Aðalbúgrein = _____% af tekjum.
 Aukabúgrein = _____% af tekjum.
 _____ Tómstundagaman.
- c) Hefur þú hug á að fjölga hrossum? _____
 Hverju? _____
- d) Hefur þú hug á að fækka hrossum? _____
 Hverju? _____
- e) Getur jörðin tekið við fjölgun hrossa? _____
 Vegna ræktaðs lands: _____, fjölgunarmöguleikar: _____
 Vegna beitarlands: _____, fjölgunarmöguleikar: _____
- f) Er til húsakostur fyrir fjölgun hrossa? _____
 Hve mikla fjölgun? _____

22. Ef annar búskapur en nautgripir, sauðfé eða hross:

Viðauki

Er um að ræða: _____ Loðdýrarækt
_____ Kartöflurækt
_____ Kornrækt

Annar, hver? _____

23. Er sá búskapur: a) Aðalbúgrein = _____% af tekjum.
b) Aukabúgrein = _____% af tekjum.
24. Er ætlun þín að fjölga bústofni í því sem nefnt er í spurningu 22? _____
Hverju ætlar þú að fjölga? _____
Er til húsakostur fyrir fyrirhugaða fjölgun? _____
25. Ef annar búskapur er æskilegur en nautgripir eða sauðfé, en búið er með annað hvort eða bæði, er ástæða til að fækka:
a) Nautgripum, fækka um: _____
b) Sauðfé, fækka um: _____
26. Hefur þú hug á að breyta samsetningu bústofns þíns sem er háður búmarki? _____
Breyting á sauðfé, hver? _____
Breyting á nautgripum, hver? _____
27. Er hægt að bæta við bústofni og auka framleiðslu með því heimilisfólki sem nú er á heimilinu? _____. Hvað má viðbótin vera mikil? _____ærgildi
28. Er jörðin hlunnindajörð? _____
Ef hlunnindi, hver? _____; = _____% af árstekjum.
29. Er þörf á nýjum húsakosti á jörðinni miðað við núverandi bústofn og framleiðslu:
a) _____ á næstu 5 árum.
b) _____ á næstu 10 árum.
30. Hve gamall er núverandi húsakostur (um það bil):
Íbúðarhús = _____ ára; Fjós = _____ ára; Fjánhús = _____ ára;
Hlaða = _____ ára; Vélageymsla = _____ ára;
Önnur útihús: _____
31. Ef þörf er á nýjum húsakosti, þá vantar:
a) Íbúðarhúsnæði: _____ Nýtt, æskileg stærð _____ m², _____ m³
_____ Viðbygging, æskil. stærð _____ m², _____ m³
b) Útihús: Nýtt fyrir: _____ m², _____ m³
Viðbygging við: _____ m², _____ m³
c) Vélageymsla: _____ Nýtt, æskileg stærð _____ m², _____ m³
_____ Viðbygging, æskileg stærð _____ m², _____ m³

32. Ef þörf er á nýjum húsakosti, getur jörðin borið kostnað af þeim byggingum sem þörf er á miðað við óbreytta framleiðslu?
- a) ___ Án stofnlána, hugsanlega tekin bankalán.
 - b) ___ Með þeim byggingarlánnum og skammtímalánnum sem í boði eru.
 - c) ___ Tekjur af búinu + möguleg lán geta staðið undir _____% þess sem þarf að gera.
 - d) ___ Tekjur af búinu geta ekki staðið undir neinum nýjum framkvæmdum.
33. Ef búmark jarðarinnar dugir ekki til að framfleyta heimilisfólki, myndu þeir sem nú vinna utan heimilis að öllu leiti eða að hluta hætta því ef búmarkið yrði þannig að lifa mætti af því? _____
34. Eru líkur á að núverandi ábúandi hætti búskap?
- a) _____ Á næstu 3 árum.
 - b) _____ Á næstu 3 - 10 árum.
35. Ef núverandi ábúandi er að íhuga að hætta búskap, hverjar eru ástæður þess? _____

36. Ef núverandi ábúandi ætlar að hætta, er vitað um einhvern sem ætlar að búa áfram á jörðinni? _____
Er sá aðili tengdur núverandi ábúanda? _____
37. Ert þú sem ábúandi ánægður með núverandi framleiðslukerfi, þ.e. búmark á bújarðir? _____
38. Ef svar við spurningu 37 er NEI, hvað telur þú í örstuttu máli vera rétt að gera í í framleiðslustjórnun? _____

39. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri sem ekki hefur komið fram áður?

- ATH. Ef svörin við einhverjum spurningum komast ekki á svarblaðið, þá má skila þeim á sér blaði.